Verðbréfakerfi

Jóakim

Verðbréfakerfi

Turninn - Smáratorg 3 (5. hæð) / 201 Kópavogur
Sími 510 7200 / Netfang: init@init.is

Efnisyfirlit

NOTKUN JÓAKIMS **4**
VINNUFERLIÐ Í VERÐBRÉFAKERFINU: 4
AÐALVALMYND **5**
SKRÁNING VERÐBRÉFAVIÐSKIPTA **7**
SKRÁ VERÐBRÉFAHREYFINGAR 8
Skuldabréfakaup *11*
Skuldabréfasala *14*
Greiðsla gjalddaga *15*
Inn- og útborganir af peningareikningum *16*
Hlutabréfakaup *17*
Hlutabréfasala *17*
Hlutabréfaarður *18*
Hlutdeildarskírteinakaup *18*
Hlutdeildarskírteinasala *19*
Hlutdeildaskírteinavextir (arðgreiðslur vegna sjóða) *19*
Innlegg/úttekt af innlánsreikningum *20*
Vaxtainnlegg á innlánsreikning *20*
Stofnun framvirkra samninga *21*
Innlausn framv.samninga *22*
Skuld/Hlutabr.breytingar *23*
VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI **24**
SKULDABRÉF **26**
HLUTAFÉLÖG **39**
HLUTDEILDARSJÓÐIR **44**
INNLÁNSREIKNINGAR **45**
PENINGAREIKNINGAR **46**
FRAMVIRKIR SAMNINGAR **48**
ÁHÆTTUFLOKKUN VERÐBRÉFA **49**
LÁNAAFGREIÐSLA **50**
LÁNAUMSÓKNIR Í VINNSLU 50
LÁNAUMSÓKNIR 54
LÁNATEGUNDIR **54**
LÁNASTÖÐUR **55**
LÁNASJÓÐIR 56
HREYFINGAR **59**
SKULDABRÉFAKAUP / SKULDABRÉFASALA / GREIÐSLA GJALDDAGA 59
INNBORGUN / ÚTBORGUN 60
HLUTABRÉFAHREYFINGAR 60
HLUTDEILDARSK.HREYFINGAR 61
SKULDABRÉFAVEÐ OG ÁBYRGÐARMENN **61**
VEÐ SKULDABRÉFA 61
ÁBYRGÐARMENN 63
BANKAUPPLÝSINGAR **64**

RB-Skuldabréfaupplýsingar 64
RB-Greiðslur skuldabréfa 65
RB-Gjalddagar skuldabréfa 66
RB-Birgðastöðulisti 67
Samanburður birgðastöðu við banka 68
Bankar 69

UMSÓKNIR VERÐBRÉFA 70

Umsóknartegundir 70
Umsóknarstöður 71
Umsóknasjóðir 71
Umsóknir um lán 72

STJÓRNUPPLÝSINGAR 73

Umsjónarstaðir 73
Vörsluaðilar 74
Viðskiptaákvarðanir 74
Lögfræðingar 75
Veðmatstegundir 75
Fylgiskjalaflokkar 76
Bókunaraðferðir skuldabréfa 77
Bókhaldsreikningar (bókhaldslyklar) 78
Verðbréfaeigendur 78
Áhættuflokkar 79
Flokkun verðbréfa 80
Verðbréfagerðir 80
Undirflokkar 82
Undirflokkar – Skuldabréf / Innlánsreikningar 83
Undirflokkar – Hlutabréf / Hlutdeildarsk. / Framvirkir samningar 84
Undirflokkar peningareikninga 84
Yfirflokkar 85
Bókhaldsuppgjörshlutar 85

UPPFÆRSLUR 87

Villuprófun og uppfærsla 87
Uppfærsla greiðslna úr bankainnheimtu 88
Bókhaldsuppgjör 89
Mínar runuvinnslur 91
Móttaka verðbréfaviðskipta 92
Útreikningur verðbréfa 93
Sjálfvirk seðlabankaflokkun 94
FME skýrsla 95
FME skuldbindingaskrá – skil 101
Útlestur verðbréfa 104
Útlestur verðbréfa 104
Útlestur skuldabréfa 106
Útlestur verðbréfahreyfinga 108
Útlestur veðupplýsinga 109
Útlestur skbr.gr til RSK 110
Útlestur skuldabréfauppl. til RSK 110

BANKAKRÖFUR 111

Bankakröfur 111
Bankakröfur ógreiddar/greiddar/niðurfelldar 112
Heimilisföng vegna kröfuútsendingar 113
Kröfuvinnsla 113
Kröfur til banka 114

KRÖFUR – GREIÐSLUSEÐLAR 115
KRÖFUTEGUND 115
KRÖFUHÓPUR 116
ÚTLESTUR KRAFNA TIL INNHEIMTU 117

SKÝRSLUR VERÐBRÉFAKERFIS 118

SKÝRSLUR VERÐBRÉFA 118
Verðbréfalisti 118
Ávöxtun verðbréfa 120
Staða verðbréfa 122
Hagnaður verðbréfa 124
Gjaldmiðlatekjur verðbréfa 126
Staða og hreyfing verðbréfa 127
Stöðulisti innlánsreikninga 128
Framvirkir samningar staða 129
Stöðulisti hlutabréfa 130
Stöðulisti hlutdeildarskírteina 131
Stöðulisti erlendra hlutabréfa/hlutdeildarskírteina 132
Verðbréfagreiningar 132
Eignir og mynt 134
SKÝRSLUR SKULDABRÉFA 136
Eftirstöðvar skuldabréfa 136
Stöðulisti skuldabréfa 138
Staða erlendra skuldabréfa 140
Markaðsverð skuldabréfa 140
Veð og ábyrgðir skuldabréfa 142
Veðskráning forsendur 143
Yfirlit um skuldara 144
Yfirlit um skuldabréf 145
Stöðulisti greiðslujöfnunar 146
Skuldabréfaútreikningur 146
Bréf til skuldara 149
Límmiðar skuldabréfa 150
SKÝRSLUR HREYFINGA OG VIÐSKIPTA 151
Greiddar afborganir 151
Afborganir - Vanskil 152
Afborganir - Greiðsluflæði 153
Innheimtubréf – Skuldabréf 153
Hreyfingar skuldabréfa 154
Hreyfingar hlutabréfa 155
Hreyfingar hlutdeildarskírteina 155
Innlánsreikningar hreyfingar 156
Peningareikningshreyfingar 157
Framvirkir samningar hreyfingar 157
Verðbréfahreyfingar 158
Bókhaldshreyfingar 158
Yfirlit um fylgiskjal 159
SKÝRSLUR STJÓRNUPPLÝSINGA 160
Undirflokkar og bókunaraðferðir 161
Flokkunaryfirlit verðbréfa 162
SKÝRSLUR MARKAÐSTAFLNA 162
Markaðskennitöluyfirlit 163
Samanburður markaðstölutaflna 164
Vaxtayfirlit 165
Staðgreiðsluyfirlit 165

Notkun Jóakims

Meginhlutverk verðbréfakerfisins er fjórþætt:

I. **Eftirlit**: Tenging við skuldabréfakerfi bankanna. Eftirlit með nauðungaruppboðum fasteigna, útdráttum skuldabréfa og tilkynningar um innkallanir (greiðsluaðl,þrotabú,dánarbú). Kerfið auðveldar enn frekar að fylgjast með fjármálamarkaðinum og halda utan um eignir þess sem notar kerfið.
II. **Bókhaldsuppgjör**: Draga út upplýsingar fyrir bókhaldið á þægilegan og öruggan hátt. Sem hægt er svo að lesa yfir í bókhaldskerfi.
III. **Upplýsingagjöf**. Nýtist sem hjálpartæki við að meta eignir og við ákvörðunartöku í fjárfestingum.
III. **Skýrsluvinna**: Hægt að nota skýrslurnar til að draga út hinar ýmsu upplýsingar. Hægt að nota kerfið til að vinna/senda seinni hluta FME skýrslu í einni keyrslu.

Vinnuferlið í verðbréfakerfinu:

Daglegar vinnslur

- Skrá, villuprófa og uppfæra verðbréfaviðskipti (kaup og sölur verðbréfa).
- Keyra inn rafrænt greiðslur lána og bregðast við villum.
- Handskrá inn greiðslur af skuldabréfum sem ekki eru í bankainnheimtu.
- Skrá inn breytingar á skuldabréfum. Með breytingum er t.d átt við breytingar á greiðendum, veðflutningar eða skilmálabreytingar bréfa.
- Keyra út samkeyrslu uppboðstilkynninga sýslumanna við veðskrá Jóakims.
- Keyra samkeyrslu við innkallanir vegna staðfestra umsókna um greiðsluaðlögunar við skuldabréf.

Mánaðarlegar vinnslur

- Keyra út stöðuskýrslur til afstemmingar fyrir uppgjörskeyrslu.
- Fylgjast með útdrætti húsbréfa.
- Fylgjast sem innköllunum vegna greiðsluaðlögunar.
- Fylgjast með vanskilum skuldabréfa.
- Keyra bókhaldsuppgjör og lesa inn í fjárhagsbókhald.
- Stemma af Jóakim og bókhald.
- Keyra FME skýrslu-seinni hluta og senda (3ja mánaðar fresti).
- Keyra út skýrslur til Seðlabanka (3ja mánaðar fresti).

Aðalvalmynd

Hér til hliðar sést innskráningarglugginn í Jóakim kerfið. Notandi getur skráð sig inn í kerfið á tvo vegu. Annars vegar með notendanafni og lykilorði og hins vegar með rafrænu auðkenni í síma. Til að hægt sé að nýta sér Auðk.í síma verður notandinn að hafa skráð símanúmerið sitt í kerfinu og hafa gilt lykiliorð. Ef símanúmer er ekki til staðar þarf að hafa samband við þjónustufulltrúa kerfisins sem skráir það þá inn. Ef valið er að skrá sig inn með aðgangsorði byrjar notandinn að skrá inn notendanafn og svo lykilorð. Sjálfkrafa ef valið kerfið *Jóakim* sem er hið almenna kerfi sem notandi vinnur í.



Myndin fyrir neðan sýnir hvernig Jóakim lítur út þegar búið er að skrá sig inn. Nú þarf notandinn að velja í hvaða stofnun hann ætlar að vinna í (gæti haft aðgang að fleiri en einni) og ýtir að lokum á hnappinn *Í lagi.* Ekkert birtist í aðalvalmyndatré fyrr en stofnun hefur verið valin og staðfest.



Notandi getur haft aðgang að fleiri en einni stofnun. Við skráningu notandans í Jóakim er skráð sjálfgefin stofnun sem þá birtist valin. Notandi er ekki skráður inn í kerfið endanlega fyrr en hann hefur valið stofnun og ýtt á staðfestingarhnappinn: 

Á næstu síðu má sjá hvernig aðalvalmynd Jóakim kerfisins lítur út þegar notandinn hefur skráð sig endanlega inn. Aðalvalmynd geymir öll þau kerfi sem Jóakim hefur upp á að bjóða.

Verðbréfakerfið er efst í aðalvalmyndatrénu sem staðsett er vinstra megin.
Hraðvalið er staðsett er staðsestt hægra megin þar sem notandinn getur safnað saman þeim verkliðum sem hann notar oftast.



Þegar verðbréfakerfið í valmyndinni er opnað sjást þeir verkliðir sem þar eru á bakvið. Til að opna/loka verklið er tvísmellt með músinni á þann verklið eða nota stóra enter takka. Til að ferðast úr aðalvalmynd yfir í hraðvalsmynd með lyklaborði er hægt að nota Tab-lykil og bendlana upp og niður.

Hjálp er með hverri valmynd. Til þess að fá upp hjálpina þarf að ýta á **F1** eða .

Skráning verðbréfaviðskipta

Undir verkliðnum **Skráning verðbréfaviðskipta** eru skráð öll verðbréfaviðskipti. Kaup og sala, inn- og útborganir, greiðslur gjalddaga sem þarf að handfæra, arðgreiðslur, verðbréfabreytingar, millifærslur milli reikninga o.s.frv.



Þegar notandinn velur verkliðinn *Skráning verðbréfaviðskipta* þá opnast gluggi með óuppfærðum fylgiskjölum. Ef listinn er tómur þýðir það að engin fylgiskjöl eru óuppfærð (á skráningarstigi).



Listinn sýnir fremst einkenni fylgiskjalsflokks, næst númer skjalsins, móttökudagssetningu viðskiptanna, tilvísunartextann (ef ekki hefur verið skráður ákveðinn texti skráist sjálfkrafa númer fylgiskjalsins í tilvísun), nafn viðskiptamanns, debetupphæð fylgiskjalsins og að lokum mismunaupphæð. Ef mismunaupphæð er ekki á núlli er ekki hægt að uppfæra fylgiskjalið því það verður að stemma á núlli. Til að skoða/breyta forsendur fylgiskjals skal ýta á , hægri enter á talnalyklaborði eða tap-lykil.

Til að skoða hreyfingar sem skráðar hafa verið í fylgiskjalið skal ýta á **F5** (Aðrar aðgerðir) og velja Verðbréfahreyfingar. Einnig er hægt að fá yfirlit yfir fylgiskjalið í formi skýrslu eða framkvæma villuprófun og/eða uppfæra fylgiskjalið.
Yfirlit um fylgiskjal í formi skýrslu:





Skrá verðbréfahreyfingar

Þegar skrá þarf verðbréfahreyfingar inn í Jóakim þarf alltaf að byrja á því að stofna fylgiskjal fyrir viðskiptin. Velja þarf fylgiskjalaflokk sem einkennir viðskiptin, Jóakim gefur upp næsta lausa númer í þeim flokki, móttökudagssetningin er sama og viðskiptadagssetningin. Hægt er að nota tilvísunartextasvæði fyrir númerið á viðskiptanótunni sem fylgir viðskiptunum (ef ekkert er skráð verður tilvísunartexti númerið á fylgiskjalinu) og kennitölu viðskiptamanns. Ákvörðun er valsvæði og þarf því ekki að fylla út. Í athugasemdir er hægt að skrifa frjálsan texta ef á þarf að halda varðandi viðskiptin.

Athuga skal að hægt er að skrá fleiri en ein viðskipti í hvert fylgiskjal!!

Til að stofna fylgiskjal þarf að ýta á eða Insert-hnapp og þá opnast innsláttarmyndin hér að neðan.



- Til að fá upp lista með fylgiskjalaflokkum skal ýta á **F7**.
- Þegar notandi hefur valið flokkinn lætur hann Jóakim ná í næsta lausa númer flokksins með því að ýta á Enter á talnalyklaborði eða tab-lykilinn.
- Ákvörðunaraðili viðskiptanna – ekki nauðsynlegt að fylla út. Notandi getur ýtt á F7 til að fá upp listann með ákvörðunaraðilum. Þó svo kerfið krefjist þess ekki að skráð sé viðskiptaákvörðun þá hjálpar þessi skráning við að flokka viðskiptin.

Þegar búið er að skrá allar upplýsingar um fylgiskjalið er það staðfest með því að ýta á , / eða stóri entertakki. Við staðfestingu birtist valmyndagluggi þar sem notandi þarf að velja *Verðbréfahreyfingar* til þessa að skrá verðbréfahreyfingar í fylgiskjalið.



Þegar þessi valliður er valinn birtist tómur listi því að ekki hafa verið skráðar hreyfingar í fylgiskjalið!



Til að halda áfram og skrá verðbréfahreyfingar í fylgiskjalið er ýtt á Insert eða 🗋. Við það opnast valmyndagluggi yfir þær tegundir hreyfinga sem hægt er að velja um. Notandi velur þá rétta tegund eftir því hvernig verðbréfahreyfingu hann er að fara skrá.





Verðbréfahreyfingar eru mismunandi eftir því hvernig verðbréf um er að ræða. Í skuldabréfum eru kaup-, sölu- og gjalddagahreyfingar. Í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum (sjóðum) eru kaup-, sölu- og arðgreiðsluhreyfingar. Í innlánsreikningum eru innborganir, útborganir og vaxtainnlegg skráð. Allar skilmálabreytingar, afskráningar skuldabréfa og skipting hlutabréfa og hlutdeildarskírteina eru meðhöndlaðar í g-liðnum - *Skuld/hlutabr. breytingar*.

Flæðiritið sýnir vinnuganginn í skráningu verðbréfaviðskipta. Byrjað er á að skrá fylgiskjal fyrir viðskiptin (stofna viðskipti). Síðan eru verðbréfahreyfingarnar skráðar og afstemmdar. Ef það er enginn mismunur þá eru viðskiptin villuprófuð og uppfærð ef engin villa finnst.

Takið eftir því hvernig staða viðskipta og verðbréfahreyfinga (kaup/sala) og verðbréfa (skuldabréfa sérstaklega) breytist í þessu ferli.

Merking stöðu kóðanna er '***s***'=**skráð**, '***v***'=**villa**, '***t***'=**tilbúið fyrir uppfærslu**, '***u***'=**uppfært**, '***f***'=**frágengið**.



Skuldabréfakaup

Þegar aðgerðin *Skuldabréfakaup* er valin birtist gluggi þar sem fylla þarf inn ákveðnar upplýsingar um skuldabréfið sem verið er að skrá kaup á.



Það er misjafnt hvað það þarf að skrá mikið af stofnupplýsingum skuldabréfsins. Ef verið er að skrá kaup á skráðu skuldabréfi ætti að vera til stýring í kerfinu sem geymir upplýsingar um bréfið. Ef verið er að skrá t.d. sjóðfélagalán (eða önnur óskráð skuldabréf) þá þarf notandinn að skrá inn allar stofnupplýsingar sjálfur.

1. Notandinn þarf að byrja á því að finna verðbréfagerðina fyrir bréfið. Það er gert með því að fara í fremri reitinn við *Gerð&einkenni* og ýta á **F7** til að fá upp listann með öllum þeim verðbréfagerðum sem til eru hjá sjóðnum (verðbréfagerðirnar tengjast verðbréfastýringum). Þegar notandinn hefur fundið gerðina velur hann hana með því að ýta á ✔ eða deilingarmerki á talnalyklaborði.
2. Eftir það þarf notandinn að fara í aftari reitinn og tilgreina einkenni bréfsins sem verið er að skrá.
    a. Ef um er að ræða kaup á *óskráðu* bréfi (t.d. sjóðfélagalán) þarf að ýta á **F7**. Þá birtist tómur listi þar sem notandinn þarf svo að ýta á Insert eða 🗋 til að fá upp skráningarglugga fyrir skilmála bréfsins.
    b. Ef um er að ræða kaup á *skráðu* bréfi (t.d. bankabréf eða fyrirtækjabréf) þarf að ýta á **F7**. Þá birtist tómur listi þar sem notandinn þarf svo að ýta á Insert eða 🗋 til að fá upp skráningarglugga fyrir bréfið (athuga þó að ef um rafrænt bréf er að ræða og þetta sem viðbót þá birtast bréf í listanum sem sjóðurinn á nú þegar í). Nú þarf notandinn aðeins að skrá einkenni og velja umsjónarstað og umsjónarnúmer. Ekki skrá inn stofnupplýsingar bréfsins.

Skráningarmyndin lítur svona út þegar um *óskráð* skuldabréf er að ræða (t.d. sjóðfélagalán):



Hér þarf að gefa bréfinu ***einkenni*** sem er t.d. númerið á bréfinu ef um pappírsbréf að ræða. Tengja þarf bréfið við ***umsjónarstað*** (valið úr lista ef ýtt er á F7) og því næst skal gefa bréfinu ***umsjónarnúmer*** sem best er að hafa það sama og einkennisnúmerið til að forðast allan rugling. Umsjónarstaður er sá staður sem sér um innheimtu bréfsins, t.d. ákveðið bankaútibú. Því næst þarf að setja inn kennitölu útgefanda, nafnverð, fjölda gjalddaga og vaxtagjalddaga, afborgunarform og -tímabil, útgáfudag bréfs, dagssetning fyrsta vaxtadags og hvenær fyrsti gjalddaginn verður. Neðar á myndinni eru einnig svæði sem þarf að fylla út en það er greiðandi, áhættuflokkur og FME flokkun. Í flipanum *Aðrar upplýsingar* er hægt að skrá geymslustað, sjálfgefinn mótbókunarreikning og stofnunardeild sem bréfið tilheyrir ef það á við.

Muna skal að fjöldi gjalddaga sem sleginn er inn á að vera *heildarfjöldi* gjalddaga að vaxtagjalddögum meðtöldum! Þá er fjöldi vaxtagjalddaga sleginn inn ef við á. Fjöldi gjalddaga getur því verið 10 og þar af 9 vaxtagjalddagar (bréf með 10 gjalddögum þar sem höfuðstóllinn er greiddur í einni greiðslu í lokin á síðasta gjalddaga). Eftir að hafa slegið inn vísitöluaðferð er hægt að láta forritið finna grunnvísitöluna með því að ýta á enter inn í grunnvísitölureitnum. Þá sækir forritið vísitölu þess mánaðar sem fyrsti vaxtadagur tilheyrir. Þá er hægt að bera hana saman við það sem stendur á skuldabréfinu. Þegar valin er vaxtaaðferð sem inniheldur vaxtatöflu, er sett 0 í vaxtaálag nema að það eigi að vera eitthvað vaxtaálag ofaná þá vexti sem vaxtataflan tilgreinir. Ef valin er vaxtaaðferð án vaxtatöflu skal setja vaxtaprósentu bréfsins í vaxtaálagssvæðið (t.d. fastir vextir). Núvirðingaraðferð þarf stundum að fylla út. Það er í auknum mæli farið að reikna út svokallaða dagvísitölu þar sem tekið er tillit til verðbólguspá til skamms tíma.
Ef bréfið er skráð og það er til *verðbréfastýring* fyrir bréfið þá þarf einungis að fylla út einkenni, umsjónarstað og –númer, áhættuflokk og FME flokkun annað ætti að koma með stýringunni.

Athuga skal að öll bréf sem eru skráð á markaði ættu að hafa stýringu í Jóakim. Ef hún er ekki til gæti þurft að stofna hana. Þjónustufulltrúi kerfisins sér um að stofna verðbréfastýringar eftir beiðnum frá notendum.

Dæmi um rafrænt bréf (skilmálar birtast sjálfkrafa):



Þegar verið er að skrá verðbréfahreyfingar í fylgiskjal þarf það alltaf að enda á samtals núlli til að hægt sé að uppfæra. Hér má sjá dæmi um fylgiskjal þar sem búið er að skrá skuldabréfakaup og útborgun af peningareikningi á móti:



Þegar notandi hefur lokið við að skrá allar hreyfingar sem eiga að fara í þetta tiltekna fylgiskjal þarf notandi að ýta á eða deilingartakka á talnalyklaborði. Þá lokast listinn yfir hreyfingarnar og notandi færist aftur í valmyndina með öðrum aðgerðum (sjá mynd til hliðar).

Til að villuprófa og uppfæra fylgiskjalið þarf notandinn að fara í aðgerð nr 2: *Villuprófun og uppfærsla*.



- Ef notandinn vill að kerfið uppfæri viðskiptin strax ef villuprófunin skilar engum villum þá þarf hann að mun að setja hakið við *Uppfæra villulausar hreyfingar.*
- Viðskipti uppfærast aldrei nema vera algerlega villulaus.
- Villumeldingar eru merktar með * fyrir framan skilaboðin.
- Viðskipti uppfærast þó svo villuprófun skilar athugasemdum (ekki stjörnumerkið fyrir framan).



Skuldabréfasala

Skrá þarf innheimtuaðila og númer til að tilgreina skuldabréfið sem á að selja. Skrá þarf söluverðið í þeim gjaldmiðli sem bréfið er skráð í. Þ.e.a.s ef bréfið er gefið út í USD þá er skráð söluverð í þeim gjaldmiðli í svæðið *Söluverð í gjm*. Aftur á móti er söluverð í ISK skráð í reitinn *Söluverð.ísl.kr.* og skrá þarf kostnaðinn í ISK þar sem ISK er viðskiptagjaldmiðillinn í Jóakim. Hægt er að skrá ávöxtunarkröfuna og mun kerfið þá bera saman ávöxtunarkröfu og söluverð í villuprófun. Einnig er möguleiki að skrá valideringardagsetningu ef t.d. salan hefur verið framkvæmd fyrr en peningar skila sér ekki fyrr en á móttökudagssetningu fylgiskjals (viðskiptadagssetning).



Innheimtunúmerið er fundið þannig að í fremri reitnum er ýtt á **F7** til að fá lista yfir umsjónarstaði og svo í aftari reitnum er aftur ýtt á **F7** til að finna rétta bréfið. Notandi þarf að skrá seldar einingar (Jóakim sér um að reikna út nafnverðseftirstöðvarnar), kostnað og söluverð í gjaldmiðli.

Greiðsla gjalddaga

Greiðsla gjalddaga er notað þegar handskrá þarf greiðslur vegna skuldabréfa. Það getur verið fullnaðargreiðsla gjalddaga, innáborgun inn á gjalddaga, niðurgreiðsla óháð gjalddaga, uppgreiðslu jöfnunarreiknings eða láns, færa jöfnunarreikning á höfuðstól, leggja áfallna vexti og verðbætur vegna frystingar við höfuðstól eða færa inn höfuðstólslækkun.
Skrá þarf innheimtunúmer sem er það sama og umsjónarnúmerið og númer til að tilgreina bréfið sem greiðslan á að fara inná. Velja þarf tegund greiðslu sem getur verið með mismunandi: Fullnaðargreiðsla gjalddaga, innáborgun inn á næsta ógreidda gjalddaga, höfuðstólsniðurgreiðsla (t.d. greiðsla séreignar inná höfuðstól lánsins), umframgreiðsla (aukagreiðsla utan þeirra gjalddaga sem skilmálar bréfsins segja til um) og vaxtaviðlagningar vegna lána sem eru að ljúka frystingu (vextir leggjast við höfuðstólinn – engin mótbókun).



Ef valin er umframgreiðsla í tegund greiðslu virkjast svæðið fyrir neðan þar sem skilgreina þarf nánar hvers konar umframgreiðslu er um að ræða. Um er að ræða tvær mismunandi tegundir, annars vegar niðurgreiðslu láns og hins vegar uppgreiðslu.



Skrá þarf kostnað eiganda (innheimtukostnað í ísl. kr.) ef um er að ræða. Einnig þá upphæð sem greidd var til sjóðsins í þeim gjaldmiðli sem um ræðir ef hún er ekki sú sama og kemur sjálfkrafa. Ef um krónu- eða auramismun er að ræða er hann skráður *Skr mismunur*.
Athugið að ekki er hægt að breyta hreyfingum sem eru frágengnar. Ef þeim þarf að breyta verður að bakfæra þær og gera aftur. Bakfæra þarf yngstu hreyfinguna fyrst og svo koll af kolli.

Skráning á greiðslu gjalddaga er eins fyrir rafræn bréf og pappírsbréf.

Inn- og útborganir af peningareikningum

Við skráningu á greiðslum inn og út af peningareikningum þarf að skrá gerð og einkenni/númer reiknings og upphæð. Valideringardagssetning birtist sjálfkrafa sú sama og móttökudagsetning fylgiskjalsins. Ef hún á að vera önnur er hægt að breyta henni. Einnig er hægt að slá inn tilvísun í tilvísunarsvæðið. Ef reikningurinn er í erlendri mynt þarf að skrá bæði hvað upphæðin er í erlendum gjaldmiðli og hvað upphæðin er í íslenskum krónum.



Hlutabréfakaup

Skrá þarf gerð og einkenni hlutafélags (nota F7 til að fá upp flettilista), nafnverðseiningar, kaupverð í gjaldmiðli, kaupgengið, gjaldmiðlagengi ef í erl.gjaldmiðli (ISK = 1,000) og muna að kostnaðurinn er ALLTAF skráður í íslenskum krónum. Þegar um jöfnunarbréf er að ræða þarf að skrá jöfnunarprósentu og nafnverð en 0 í kaupverði og kaupgengi.
Almenna reglan varðandi jöfnunarbréf er sú að jöfnunin miðast við hlutabréfaeign viðkomandi á aðalfundardegi. Athugið að í erl. hlutafélögum er nafnverðið eða einingafjöldi stundum með fleiri en 2 aukastöfum. Því er gert ráð fyrir allt að 6 aukastöfum.



Hlutabréfasala

Við hlutabréfasölu þarf að skrá nafnverðseiningarnar sem selja á. Annars er skráningin eins og í hlutabréfakaupum.



Hlutabréfaarður

Við skráningu á hlutabréfaarði er skráð verðbréfagerð og einkenni hlutafélagsins. Einnig er hægt að skrá kostnað ef einhver er. Ef hlutafélagið er í erlendum gjaldmiðli þá er sú upphæð sett í '*Upph.arðs.í gjaldm*' og svo reiknar Jóakim yfir í íslenskar krónur m.v. gengi dagsins sem viðskiptin eiga sér stað. Ef gjaldmiðlagengi er ekki það sama og á skilagreininni þá er gengið leiðrétt og haft það sama og á skilagrein.

- Ef greiðslan til sjóðsins er í gjaldmiðlinum þá skal ***samt*** leyfa Jóakim reikna í íslenskar krónur.Það er útaf því að í skýrslum er hægt að biðja um að fá hreyfingar hlutabréfa í erlendum gjaldmiðli birtar í íslenskum krónum.



Hlutdeildarskírteinakaup

Kaup í hlutdeildarsjóðum fer eins fram og kaup á hlutabréfum. Algengt er að keypt séu hlutdeildarskírteini í erlendum hlutdeildarsjóðum. Dæmi um slíkt er hér að neðan. Skrá þarf bæði kaupverð í erlendum gjaldmiðli og íslenskum krónum.

- Gera verður greinarmun á að kaupgengi verðbréfs er ekki það sama og gjaldmiðlagengi gjaldmiðilsins.



Hlutdeildarskírteinasala

Sala hlutdeildarskírteina er eins og sala á hlutabréfum. Velja þarf verðbréfagerð (F7 til að fá upp lista yfir verðbréfagerðir) og svo velja einkenni (hægt að ýta á F7 til að fá upp lista). Kerfið nær sjálfkrafa í kaupgengi gjaldmiðils þann dag sem valideringardagur segir til um. Gæti þurft að breyta í samræmi við sölunótu.

Muna að kostnaður er alltaf skráður í ISK !!!



Hlutdeildaskírteinavextir (arðgreiðslur vegna sjóða)

Þessi aðgerð er notuð þegar skrá þarf arðgreiðslur vegna hlutdeildarsjóða svipað og gerist með hlutabréf. Í þessari valmynd er skráð gerð og einkenni hlutdeildarsjóðsins (F7), upphæðin sem fengin er í þeim gjaldmiðli sem sjóðurinn er í. Ef gjaldmiðlagengi kemur sjálfkrafa 1,00 þá er um sjóð í ISK að ræða annars sækir kerfið kaupgengi gjaldmiðilsins þennan dag.



Innlegg/úttekt af innlánsreikningum

Reikningarnir eru oftast tengdir einhverri ákveðinni vaxtatöflu eða bera fasta vexti og eru jafnvel verðtryggðir. Finna þarf réttan reikning í Reikningsgerð&nr og skrá upphæðina í þeim gjaldmiðli sem reikningurinn er í. Muna skrá allan kostnað í ISK. Kerfið reiknar síðan vexti og/eða verðbætur frá innleggsdegi.



Vaxtainnlegg á innlánsreikning

Þessi verkliður er valinn þegar skrá þarf vaxtainnlegg innlánsreiknings (vextir og/eða verðbætur leggjast við höfuðstól). Þetta er til dæmis gert í árslok þegar vextir og verðbætur fyrir árið leggjast við höfuðstólinn. Í sumum tilfellum er það að verðbætur leggist við höfuðstól í lok hvers mánaðar. Kerfið ræður ekki við það því einungis er í boði að færa þá vexti við höfuðstólinn líka. Kerfið safnar þó alltaf upp vöxtum og verðbótum og skilar inn í bókhaldsuppgjör þegar það er keyrt mánaðarlega. Þegar innlegg er bókað þá hækkar höfuðstóll reikningsins og áfallnir vextir og verðbætur lækka um þessa upphæð og kerfið byrjar að reikna vexti og/eða verðbætur „upp á nýtt“ frá innleggsdegi. Notandinn velur reikning og Jóakim reiknar innleggið út frá forsendum reikningsins. Ef upphæðin sem Jóakim reiknar er ekki sú sama og á skilagreininni þarf að athuga betur forsendur/skilmála innlánsreikningsins. *Athugið að ekki þarf að færa mótbókun á móti þessarri færslu*



Stofnun framvirkra samninga

Framvirkur samningur er samningur sem gerður er fram í tímann við einhverja fjármálastofnun. Þá er ákveðin einhver lokadagssetning samnings í framtíðinni. Þegar sú dagssetning kemur upp þá reiknast annaðhvort tap eða hagnaður á samninginn. Ef það verður hagnaður borgar fjármálastofnunin eiganda en ef það er tap borgar eigandi stofnuninni.

- Þegar framvirkir samningar eru stofnaðir í Jóakim er ekki um neina sjóðshreyfingu að ræða. Þ.e.a.s. ekki er skráð færsla á móti.
- Þegar innlausn samnings á sér stað þá verður sjóðstreymi (hagnaður => innlegg, tap => úttekt).



Þegar notandi hefur valið *Framv.samn.stofnun* þá opnast valmynd þar sem notandinn þarf að velja verðbréfagerð fyrir samninginn sem á að stofna. Ýtið á **F7** til að fá upp lista yfir þær verðbréfagerðir sem skráðar eru hjá stofnuninni. Verðbréfagerðin sækir síðan upplýsingar í verðbréfastýringu sem þjónustufulltrúar Jóakims sjá um að viðhalda. Notandinn þarf sjálfur að viðhalda verðbréfagerðunum sem slíkum. Kerfið bíður upp á 3 mögulega framvirka samninga: Framvirkir gengiskrossar, framvirkir samningar gengisvísitalna og einfaldir framvirkir samningar.



Gefum okkur dæmi að gerðin **FRAMV** hafi verið valin sem sækir upplýsingar í **FRAMV**-stýringuna. Þá ætti eftirfarandi mynd að birtast:



Þau svæði sem þarf að fylla út eru opin skráningu. Þau svæði sem ekki á að fylla út eru læst. Hér þarf notandinn að fylla út einkenni, umsjónarstað, áhættuflokk, FME flokkun, útgefanda, nafnverð, gjaldmiðil, framvirkt gengi og lokadag. Notandi getur skráð inn stuttan lýsingartexta fyrir samninginn.

Athugið að ef verið er að kaupa gjaldmiðil/gengisvísitölu þarf að skrá nafnverðið sem mínustölu og ef verið er að selja gjaldmiðil/gengisvísitölu þarf að skrá nafnverðið sem plústölu !

Innlausn framv.samninga

Við innlausn á framvirkum samningi fer fram sjóðstreymi. Því að í lok samningstíma er samningurinn annaðhvort að skila hagnaði eða tapi sem þarf að ráðstafa sem inn- eða útborgun. Ef samningur er á sléttu þá þarf auðvitað ekki mótbókun...

Við innlausn þarf notandi að velja aðgerð nr.2, *Framv.samn. innlausn*. Velja þarf verðbréfagerðina og svo einkennið á samningnum. Það er gott að ýta á **F7** í aftari reitnum til að finna samninginn. Skrá þarf lokagengi samningsins, því næst er Jóakim látinn reikna hagnaðinn/tapið með því að fara í reitinn *Hagnaður í gjaldm.* og ýta á Enter á talnalyklaborði – þá reiknar Jóakim út hagnaðinn/tapið. Einnig er hægt að skrá kostnað í íslenskum krónum ef hann er einhver.

- Þegar búið er að staðfesta þarf að færa innborgun á móti ef samningurinn skilaði hagnaði en útborgun ef samningurinn skilaði tapi.
- Athugið að ef talan sem kemur í *Hagnaður í gjaldm.* er plústala skilar samningurinn TAPI og ef talan er mínustala þá skilar samningurinn HAGNAÐI!
- Við bókhaldsuppgjör á framvirkum samningum verða samningar sem eru ennþá lifandi núvirtir og hagnaður/tap þeirra eignfært og tekjufært líkt og aðrar verðbreytingar verðbréfa.

Skuld/Hlutabr.breytingar

Í þessum lið eru breytingar verðbréfa meðhöndlaðar sem eiga sér stað utan sjóðsstreymis. Þessar hreyfingar hafa þar af leiðandi ekki áhrif á sjóðstreymi.



Dæmi um breytingar:

- Hægt er að skipta hlutabréfi út fyrir nýtt bréf í öðru hlutafélagi. Þetta er til að halda sögu bréfanna og rugla ekki ávöxtunarútreikningi.
- Einnig er hægt að gera breytingar á hlutdeildarskírteinum án þess að það hafi áhrif á sjóðstreymið. Þetta þarf að gera t.d. þegar skipt er úr þýskum mörkum yfir í evru.
- Skuldbreytingar sjóðfélagalána eða annarra lána – til að halda fyrri sögu bréfsins.
- Skipta upp hlutafélagi úr einum pott í tvo.
- Leiðrétta einingafjölda í hlutabréfum/sjóðum.
- Skráning nauðasamninga vegna glataðra skuldabréfa.
- Afskriftir skuldabréfa.

Verðbréfaviðskipti

Þessi verkliður er notaður þegar leita þarf að uppfærðum viðskiptum m.v. gefnar leitarforsendur. Valforsendumyndin bíður upp á ýmsa leitarmöguleika. Hægt er að leita t.d. eftir fylgiskjalaflokki og/eða fylgiskjalanúmeri, dagssetningartímabili viðskiptanna eða kennitölu viðskiptaaðila. Einnig er hægt að leita eftir ákveðinni verðbréfagerð og jafnvel verðbréfaeinkenni (númeri) líka. Til að fá nánari útskýringu á hverju innsláttarsvæði er bent á hjálpina en þá er ýtt á ?.



Niðurstaðan birtist síðan í flettilista. Ef notandi vill skoða skráningarforsendur fyrir ákveðið fylgiskjal þá er það gert með því að ýta á ⇥ eða enter takka á talnalyklaborði. Til þess að skoða verðbréfahreyfingar sem eru skráðar í fylgiskjalið skal ýta á F5 (Aðrar aðgerðir).



Skoða hreyfingar í fylgiskjali:

Ef ýtt er á **F5** eða + í flettilistanum birtist valmyndin yfir aðgerðir. Velja skal *Verðbréfahreyfingar (1)* til að sjá hreyfingarnar sem tilheyra fylgiskjalinu. Ekki er hægt að gera neitt með vallið 2 því fylgiskjalið er þegar villuprófað og uppfært. Hægt er að sjá yfirlit um fylgiskjalið í formi skýrslu sem um ræðir, með því að velja nr.3 – sjá næstu síðu.

Ef **valliður nr.1** er valinn birtist flettilisti sem inniheldur allar hreyfingar sem skráðar eru í fylgiskjalinu. Til að skoða hverja færslu fyrir sig þarf að ýta á hægri enter takka eða . Til að sjá hvað hver dálkur stendur fyrir skal ýta á .



Ef **valliður nr.3** er valinn birtist skýrsla þar sem fram kemur yfirlit yfir fylgiskjalið m.v. ákveðnar valforsendur. Skýrslan sýnir m.a. nánari upplýsingar um viðskiptamanninn og svo hvernig hreyfingar hafa verið skráðar. Einnig er hægt að nálgast þennan verklið í aðalvalmyndatrénu undir Skýrslum hreyfinga og viðskipta >> Yfirlit um fylgiskjal.



Yfirlit um fylgiskjal - VB16-10 Sjóður 1,námskeið

Fylgiskjal: VB16-10 Verðbréfaviðskipti Dags: 26.09.2016
Viðsk.mann: Reykjavíkurborg Kennitala: 530269-7609
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Samt.debit: 25.374.600,00

INNBORGANIR:

Einkenni		Val.dags	Upphæð
ÁVÍS-1	10	26.09.16	25.374.600

GREIÐSLA GJALDDAGA

Einkenni	Umsj.númer	Gjalddag.	Val.dags.	Samtals	Afborgun	Verðbætur	Vextir	Dráttarvx	Kostnaður	Mismunur	Gr.jöfn.
RVKN35-1	0101-1	26.09.16	26.09.16	25.374.600	11.250.000		14.124.600				

SKRÁÐAR ATHUGASEMDIR: Engar.

Ef notandinn er ekki sáttur við þá hluti sem fram koma á skýrslunni getur hann ýtt á **F4** og fengið upp valforsendumyndina og breytt. M.a. kallað fram ítarlegar verðbréfahreyfingar. Þá keyrir skýrslan aftur og birtist aftur með ítarlegum upplýsingum um hverja verðbréfahreyfingu fyrir sig.



Skuldabréf

Þennan verklið er gott að nota þegar fletta þarf upp ákveðnum skuldabréfum m.v. gefnar forsendur. Til dæmis fletta upp bréfi með ákveðnu númeri eða bréfum sem tilheyra ákveðnum skuldara, umsjónarstað eða ákveðni verðbréfagerð. Þegar verkliðurinn er valinn birtist strax valforsendumyndin því að það er alltof mikið fyrir Jóakim að birta strax í einum flettilista öll þau skuldabréf sem sjóðurinn á eða hefur átt eins og gerist þegar t.d. verkliðurinn *Hlutabréf* eða *Hlutdeildarsjóðir* eru valdir. Svona lítur valforsendumyndin út:



Athugið að í *Staða* kemur sjálfkrafa stöðugildin s-v-t-u-a. Sem þýðir að notandinn mun aðeins sjá bréf sem eru á skráningarstigi/óuppfærð (s), á villulista/óuppfærð (v), búið að villuprófa/tilbúið til uppfærslu (t) og uppfærð bréf (u). Ef notandinn er að leita að bréfi en finnur það ekki þá gæti verið að það sé frágengið – þ.e.a.s. selt eða uppgreitt. Til að kalla slík bréf fram þarf að setja stöðutáknið **f**.

Þegar eitthvað ákveðið skuldabréf hefur verið fundið er hægt að skoða það og breyta ýmsum upplýsingum sem ekki þarf að fara í gegnum *Skráning verðbréfaviðskipta.* Til dæmis ef breyta þarf veðstað, FME flokkun, áhættuflokk eða FME flokk. Þegar breyta þarf mörgum skuldabréfum í einu er til fljótleg leið sem heitir **fjöldabreyting**. Þá þarf notandinn fyrst að fylla út valforsendumyndina til að finna skuldabréfin sem um ræðir.

Ef nýta á fjöldabreytingu þarf að merkja þau skuldabréf sem þarf að breyta með F6:



Þegar notandinn hefur merkt línurnar með F6 er ýttá **F5** eða + þá birtist þessi valmynd:



Hér þarf notandinn að velja lið e – ***Fjöldabreyting verðbréfa***. Þegar sá liður er valinn birtist eftirfarandi innsláttarmynd:


FJÖLDABREYTING - N001
Breyta merktum færslum
BREYTA GÖGNUM Í:
Verðbr.gerð:
Sjóðsdeild:
Áhættuflokk:
Gildir frá:
Markaðsflokkur:
Gjaldmiðill:
Umsjónarstaður:
Vörsluaðili:
Greiðandi:
Kröfutegund:
Bókhaldsverðmat:
Afrúnunarstuðull:
Land útgáfu:
Flokkun:
Gildir frá:
Markaðsáhættuviðmið:
Verðmatsaðferð:
Markaðsverðmat 2008 m. niðurfærl
Markaðsflokkur:
Gerð kennitölu:
OVR

Efst birtist sjálfkrafa hak við **Breyta merktum færslum** sem þýðir að notandi mun breyta þeim færslum sem litaðar voru með F6. Ef hakið er tekið úr mun kerfið breyta þeim færslum sem EKKI voru litaðar! Þetta er mjög varasöm aðgerð og fáir notendur hafa aðgang að þessum verklið að fjöldabreyta. Gott er að ráðfæra sig við þjónustufulltrúa kerfisins sem mun leiðbeina ef á þarf að halda.
Í valmyndinni (Aðrar aðgerðir) á síðunni á undan er einnig hægt að fara flýtileiðir að ýmsum verkliðum sem hægt er að finna í aðal valmyndatrénu í upphafsvalmynd kerfisins. Til dæmis má finna þar *Veð skuldabréfa, Skuldabréfahreyfingar, áhættuflokkun, verðbréfaflokkun (FME,seðlabankaflokkun)* svo eitthvað sé nefnt.

Athugið: Hjá sumum notendum gæti farið svo að valliðurinn fjöldabreyting verðbréfa sé **ekki** virkur – það þýðir að notandinn hafi ekki aðgang. Hann þarf þá að fá leyfi hjá yfirmönnum sínum sem sjá um að senda beiðni um aukinn aðgang til þjónustufulltrúa Jóakims. Ekki er mælt með að allir notendur kerfisins hafi aðgang að fjöldabreytingum því að þetta eru frekar mikilvægar og áhættusamar aðgerðir sem auðvelt er að klúðra.

Aðrar aðgerðir (F5) í flettilistanum:

1. Veð skuldabréfa
Hér er hægt að loka veði og stofna nýtt skrá þarf inn **veðflutning**. Þá skráir notandi lokadagssetninguna í *Dags.afskrán.veðs* og staðfestir. Stofnar svo nýjan veðstað með Insert til að sagan um veðstaði haldist.



2. Ábyrgðarmenn

Hér er hægt að sjá hvaða ábyrgðarmenn eru skráði á bréfið. Einnig hægt að gera breytingar án þess að fara í gegnum skráningu verðbréfaviðskipta og skrá inn sölu og kaup utan sjóðstreymis.



Insert:



Hægt er að velja um tvær mismunandi tegundir ábyrgðar. Annars vegar ábyrgðarmaður (á) eða framseljandi (s). Hægt er að skrá fleiri en einn ábyrgðarmann á hvert bréf.

3. Lögfræðiinnheimta

Notað fyrir þau skuldabréf sem sett eru í innheimtu til lögfræðings t.d. vegna vanskila. Einnig er hægt að láta kerfið hætta reikna vexti og verðbætur á bréfinu m.v. ákveðna dagssetningu en það er stillt í *Dags kröfubeiðni.*



Insert:



Skrá þarf hvaða lögfræðingur fer með málið og þá dagssetningu sem bréfið fer í lögfræðiinnheimtu í *Dags til lögfræðings*. Hægt er að skrá frjálsan texta í athugasemdir. Þegar bréf er tekið úr lögfræðiinnheimtu er skráð sú dagssetning í *Dags frá lögfræðing*.
Ef bréfið á ekki lengur að reikna vexti og verðbætur frá ákveðnum degi (t.d. sama degi og bréfið fer í lögfræðiinnheimtu) er sú dagssetning skráð í svæðið við *Dags kröfubeiðni.*

4. Áhættuflokkun
Hér er hægt að sjá áhættuflokkunarferil skuldabréfsins og breyta áhættuflokkun hvers bréfs eftir tíma. Alltaf þarf að tilgreina frá hvaða tíma flokkunin gildir.



Ef farið er inn í línuna:



5. Skuldabréfahreyfingar
Ef þessi valliður er valinn birtist flettilisti yfir allar hreyfingar bréfsins. Kaup, sölur, afborganir, skilmálabreytingar o.s.frv. Einnig birtast bakfærðar hreyfingar og bakfærslur.



Ef notandi vill sigta út úr listanum ákveðna tegundir hreyfinga eða sigta út bakfærslur er ýtt á F4 til að fá upp valforsendumyndina.

Ef notandi vill taka út allar bakfærsluhreyfingar þarf að ýta á **F4** og þá kemur upp eftirfarandi valforsendumynd:



Ef velja á ákveðna tegund hreyfinga þarf að skrá k (kaup), s (sala) eða g (afborganir).
Ef velja á að taka út og fela allar bakfærslur þarf að eyða út * í svæðinu *Bakfærsla.*
Ef taka á út allar bakfærðar hreyfingar og bakfærslurnar þarf að eyða út * í svæðinu *Utan sjóðstreymis.*

6. Greiðsla gjalddaga

Ef þessi valliður er valinn birtist flettilisti yfir þær afborganir bréfsins, hvort sem gjalddagarnir hafa verið bakfærðir eða ekki eða eru á skráningarstigi eða uppfærðir. Til að losna við bakfærðar hreyfingur og bakfærslur af listanum er gert eins og í liðnum á undan – ýta á **F4** og taka út stjörnuna við reitinn *Bakfærslur*.



7. Skuldabréfaútreikningur

Bréfið varpast beint yfir í verkliðinn *Skuldabréfaútreikningur*. Sjá nánar í kaflanum *Skuldabréfaútreikningur* sem má finna aftar í handbókinni undir kaflanum Skýrslum skuldabréfa.



8. Vísitöluviðmið

Þetta er nokkuð sem notað er í tengslum við skýrsluna *Veðrbréfagreiningar.* Það er skýrsla sem sýnir runur af ávöxtunartölum milli ákveðinna punkta sem notandinn velur sér. Annars vegar af þeim verðbréfum sem valin eru og hins vegar af viðmiðinu sem oftast er einhver vísitala – t.d. úrvalsvt. Í þeirri skýrslu er samt sem áður hægt að vísa í að notast við „skráð viðmið verðbréfa“ og þá vísað í þetta hér. Hérna er hægt að velja ákveðið vísitöluviðmið á ákveðin verðbréf. Verðmatsaðferðin er sjálfgefin sú verðmatsaðferð sem stofnunin er með stillta í *Verðbréfaeigendur.*





9. Yfirlit um skuldabréf

Þá birtast allar helstu upplýsingar um bréfið í formi skýrslu sem hægt er að prenta út. Einnig er hægt að nálgast þessa skýrslu undir *Skýrslur skuldabréfa*.



Hægt að ýta á F4 til að fá upp valforsendumyndina ef notandinn kýs að breyta hvernig skýrslan er framsett.



a. RB-Skuldabréfaupplýsingar

Þá opnast flettilisti með bréfinu eins og það er skráð í kerfi innheimtuaðila (þ.e.a.s. ef bréfið er í skráð í bankainnheimtu). Sjá nánar í kaflanum *RB-Skuldabréfaupplýsingar* sem má finna aftar í handbókinni.

b. Verðbréfaflokkun

Hér er hægt að sjá m.a. FME flokkunarsögu skuldabréfsins ásamt seðlabankaflokkuninni svo eitthvað sé nefnt. Hér er hægt að breyta handvirkt seðlabankaflokkun ef gera þarf breytingar á þeirri sjálfvirku flokkun sem verður. Einnig er hægt að breyta FME flokkun hér ef á þarf að halda eða bæta við flokkun.







c. Bankakröfur

Á eingöngu við þá sjóði sem nota kröfupottinn í Jóakim. Þessi liður bíður notanda að fara flýtileið yfir í þær bankakröfur sem stofnaðar hafa verið fyrir þetta tiltekna bréf



d. Vextir

Þessi verkliður gagnast þeim sjóðum sem buðu upp á breytingu á vöxtum sjóðfélagalána í ákveðna vexti í ársbyrjun 2012. Ætti að vera flestum óvirkur.

e. Fjöldabreyting verðbréfa

Þessi verkliður bíður upp á fjöldabreytingu verðbréfa sem fjallað hefur verið um framar í handbókinni.



f. Samskipti

Þessi verkliður er í samræmi við samskiptakerfið eins og það þekkist í iðgjaldakerfinu. Hægt er að hengja PDF skjöl við ákveðið verðbréf. Þegar *Samskipti er valið* þá birtist eftirfarandi skjámynd:



Ef listinn er tómur þá eru engin samskipti skráð. Til að stofna samskipti skal ýta á Insert eða . Þá birtist eftirfarandi skráningarmynd:



Jóakim sækir þá kennitölu greiðanda/útgefanda bréfsins, verðbréfagerðina og einkennið. Því næst skal skrá dagssetningu, velja viðeigandi flokk (F7). Hægt er að skrá mótaðila (oft kennitala stofnunarinnar sjálfrar) ef á þarf að halda, lýsingu og athugasemdir. Ýta skal á hnappinn *Bæta við viðhengi* til að hengja viðhengið við. Staðfesta að lokum. Þá birtast samskiptin í listanum sem áður var tómur fyrir þetta bréf (athugið að ekki var hengt viðhengið við í dæminu).

Í listanum yfir samskipti er hægt að ýta á hnappinn *Skoða viðhengi* en hann verður virkur þegar eitthvað viðhengi er skráð við samskiptin. Einnig er hægt að ýta á **F**5 fyrir *Aðrar aðgerðir.*

Aðrar aðgerðir (F5) í skilmálum skuldabréfs:

Þá er farið inn í ákveðið bréf í flettilistanum með eða enter takka á talnalyklaborði og ýtt á **F5** þá birtist þessi valmynd fyrir aðrar aðgerðir:



Hér bætist við Eftirstöðvar skuldabréfa (vísitöluviðmið dettur út) og athugasemdir.

Hlutafélög

Hlutafélag í Jóakim er einskonar reikningur fyrir hlutabréfaeign í ákveðnu hlutafélagi. Kaup, sala og arðgreiðslur eru skráðar inn á þessa reikninga. Þegar tvísmellt er á *Hlutafélög* í valmyndatré Jóakims opnast gluggi með lista yfir öll hlutafélög sem sjóðurinn á eða hefur átt hlutabréf í. Listinn sýnir einkenni verðbréfagerðar, einkenni pottsins (geta verið fleiri en eitt einkenni á hverja verðbréfagerð) og nafnverðseiningar.Ef staðan er 0 þá á sjóðurinn ekkert í því félagi lengur (m.v. þann dag sem listinn er opnaður) en hefur átt áður. Samkvæmt reglum um bókhald lífeyrissjóða eru hlutabréf metin samkvæmt markaðsverði. Þó er hægt að breyta ákveðnu félagi að það sé metið á framreiknuðu kaupverði með því að fara inn í það tiltekna hlutafélag (tap eða hægri enter) og setja ´f´ í reitinn við *Bókhaldsuppgjör.*





Framreiknað kaupverð er upphaflegt kaupverð hlutabréfanna reiknað til núvirðis með vísitöluhækkun (t.d. neysluvísitölu) en það er stillt í *Verðbréfaeigendur.*



Einstök hlutabréf í sama hlutafélagi hafa mismunandi framreiknuð kaupverð eftir því á hvaða verði og hvenær þau voru upphaflega keypt. Til að kerfið geti reiknað framreiknað kaupverð er nauðsynlegt að skrá rétt öll hlutabréfakaup í hlutafélagi. Hvert hlutafélag er skráð með gerð og einkenni (númer). Hægt er að skipta eign í einu hlutafélagi niður á mismunandi reikninga (potta) með mismunandi einkenni eða mismunandi umsjónarstaði. Það getur verið nauðsynlegt t.d. fyrir sjóði sem eiga í sama hlutafélagi hjá nokkrum fjárvörsluaðilum. Autt í gjaldmiðlasvæðinu þýðir að um íslenskar krónur er að ræða. Einnig er mikilvægt að skrá alltaf markaðsgengi því annars er ekki hægt að verðleggja hlutabréfið og það skapast mínus gengisbreyting í bókhaldsuppgjöri en ekki eignaaukning t.d. við kaup.

Ef ýtt er á **F5** eða + í listanum yfir hlutafélög birtist listi yfir aðrar aðgerðir. Sjá myndina hér til hliðar:
Hér er hægt að fara styttri leið í að skoða einstaka hreyfingar, áhættuflokkunarsögu, verðbréfaflokkun (FME og SÍ), stilla ákveðið vísitöluviðmið sem notað er í skýrslunni *Verðbréfagreiningar* og skrá samskipti fyrir félagið. Einnig er hægt að framkvæma fjöldabreytingu.



1. Hlutabréfakaup

Þá opnast gluggi með lista yfir skráð kaup á hlutafélagið. Listinn sýnir allar hreyfingar hvort sem er að þær eru frágengnar, bakfærðar eða enn á skráningarstigi. Hægt að fletta og skoða kaupin nánar með því að fara á línuna og ýta á tap eða hægri enter. Til að bakfæra kaup skal ýta á **F5** (aðrar aðgerðir) og velja *Bakfæra hreyfingu*. Þá opnast fylgiskjalið aftur í *Skráning verðbréfaviðskipta* og þar er hægt að laga hreyfinguna ef á þarf að halda og uppfæra svo fylgiskjalið aftur.



Hægt er að sigta út bakfærðar hreyfingar úr listanum með því að ýta á F4 og fá upp valforsendugluggann og taka þá stjörnuna úr svæðinu *Bakfærsla* en ef taka á út hreyfingar sem eru utan sjóðstreymis.

2. Hlutabréfasala

Þá opnast gluggi með lista yfir skráðar sölur á hlutafélagið. Ef listinn birtist tómur hafa engar sölur verið skráðar. Til að bakfæra sölu skal ýta á F5 og velja bakfæra hreyfingu. Þá opnast fylgiskjalið aftur í *Skráning verðbréfaviðskipta* og þar er hægt að laga hreyfinguna ef á þarf að halda og uppfæra svo fylgiskjalið aftur. Hér er hægt að notast við valforsendur (F4) alveg eins og í kaupum til að sigta úr listanum bakfærslur og/eða utan sjóðstreymishreyfingar.



<u>Dálkarnir T – S – B –U .....hvað þýða þeir?</u>

- T = Tegund hreyfingar (k=kaup, s=sala, g=arðgreiðsla).
- S = Skráningarstig hreyfingar (s=á skáningarstigi/óuppfærð hreyfing, t=á skráningarstigi tilbúin til uppfærslu, v=á skráningarstigi en á villu, f=uppfærð hreyfing)
- B = bakfærsludálku (B = Bakfærsla, b=bækfærð hreyfing)
- U = Utan sjóðstreymis (ef að x birtist í dálknum þá er hreyfingin skráð utan sjóðstreymis)

3. Hlutabréfaarður

Þá opnast gluggi með lista yfir skráðar arðgreiðslur á hlutafélagið. Ef listinn birtist tómur hafa engar arðgreiðslur verið skráðar á félagið. Nákvæmlega sama hægt að framkvæma hér og með kaup- og söluhreyfingar.



4. Áhættuflokkun

Listi yfir áhættuflokkunarsögu hlutafélagsins.



5. Verðbréfaflokkun

Til eru þrjú verðbréfaflokkunarkerfi í Jóakim og er hægt að tengja allt á sama tíma. Það er FME flokkunin sem er fyrir seinni hluta FME skýrslu sem lífeyrissjóðir skila á þriggja mánaðar fresti, CIC kóði sem tengist flokkun fyrir Solvency II skýrslu og að lokum er það flokkun fyrir seðlabankaskýrslu sem byrjað var að skila inn janúar 2016.



Ef gera þarf breytingu á einhverri flokkun hlutafélagsins er hægt að gera það hér. Hvort sem það er FME flokkun, CIC flokkun eða seðlabankaflokkunin. Til að skrá nýja flokkun skal ýta á insert og stofna nýja flokkun með nýja gildisdagssetningu en ef það þarf að breyta.

6. Vísitöluviðmið

Hér er stillt vísitöluviðmið fyrir verðbréfagreiningarskýrsluna alveg eins og með skuldabréfin.



7. Fjöldabreyting verðbréfa

Fjöldabreyting hlutafélaga er framkvæmd alveg eins og með skuldabréf. Ef breyta þarf fleiri en einu hlutafélagi skal velja hlutafélögin úr listanum með því að lita línurnar rauðar með **F6**. Svo skal ýta á **F5** til að kalla upp valmyndina fyrir aðrar aðgerðir og velja þar *Fjöldabreyting verðbréfa.*

Hafa skal x-ið í *Breyta merktum færslum* svo að þær færslur sem merktar voru með F6 breytist.

Athugið að ef farið er inn í forsendur ákveðins hlutafélags og þá ýtt á F5 þá dettur út aðgerðin *Fjöldabreyting verðbréfa* og í staðinn kemur ***Athugasemdir***. Hér er þá hægt að skrifa inn athugasemdir fyrir hlutafélagið.



7. Samskipti

Skráning samskipta er framkvæmt hjá hlutabréfum alveg eins og með skuldabréf.

Hlutdeildarsjóðir

Líkt og með hlutabréf er hlutdeildarsjóður eins konar reikningur fyrir hlutdeildareign í ákveðnum hlutdeildarsjóði. Kaup, sala og í einstaka sjóðum eru skráðar arðgreiðslur inn á þessa reikninga. Hver hlutadeildarsjóður er skráður með gerð og einkenni (númer). Hægt er að skipta eign í einum hlutdeildarsjóði niður á mismunandi reikninga sem hefðu þá mismunandi einkenni eins og með hlutabréfaeign.



Hægt er skoða hvern sjóð nánar með því að ýta á hægri enter eða :



Ólíkt hlutabréfum þá birtast þrír flipar. Fremsti heitir *Almennt* og sýnir hann þær almennu upplýsingar sem til eru um hlutdeildarsjóðinn. Næsti tilheyrir FME-flokkun hlutdeildarsjóðsins. Sá þriðji heitir *Annað* og þar er m.a. hægt að stilla afrúnunarstuðulinn á sjóðnum.

Fyrir hlutdeildarsjóðina er hægt að ýta á F5 fyrir aðrar aðgerðir alveg eins og með skuldabréf og hlutafélög:



Innlánsreikningar

Heildarlisti yfir þá innlánsreikninga sem sjóðurinn hefur átt eða á. Innlánsreikningar halda utan um innborganir, útborganir og vaxtagreiðslur. Innlánsreikningar halda utan um vexti og/eða verðbætur og taka vexti og verðbætur með í ávöxtunarskýrslum. Innlánsreikningar geta verið bundnir eða óbundnir (þ.e.a.s. innlegg bundið inni í ákveðinn tíma).



Innlánsreikningar eru ein tegund verðbréfa eins og skuldabréf og flokkast á mjög svipaðan hátt. Þ.e.a.s. verðbréfagerðir, undirflokkar og yfirflokkar. Bókunaraðferðir eru í innlánsreikningum alveg á sama hátt og hjá skuldabréfum. Skoðum einn reikning (111111) sem dæmi með því að ýta á tap, hægri enter eða :



Þessi innlánsreikningur er verðtryggður og ber fasta 7,1 % vexti og tengist mánaðarlegri neysluvísitölu og er bundinn til 6 mánaða. Innlausnardagssetning segir til um hvenær innistæða er laus til úttektar vegna samnings um bundin innlán. Þetta getur þó verið autt ef innistæða er laus hvenær sem er!! Lágmarksvextir er aldrei notuð við útreikning á stöðu innlánssamnings heldur er hún eingöngu notuð við núvirðingu vegna tryggingafræðilegra úttekta.

Innlausnardagssetningin er notuð vegna núvirðingar!

Binditími er lengd binditíma innborgana innlánsreiknings ef það á við.

Ekki er hægt að skrá bæði í innlausnardagssetningu og binditíma !

Ýtið á **F5** til að fá upp aðrar upplýsingar/aðgerðir.

Peningareikningar

Peningareikningar halda utan um greiðslur inn og út af peningareikningum. Oftast er um raunverulega bankareikninga að ræða er það í höndum hvers sjóðs hvort peningareikningur í Jóakim sé stemmdur af mánaðarlega við hinn raunverulega bankareikning. Ef það er gert gæti þurft að færa aðrar hreyfingar (t.d. millifærslur á milli reikninga, kostnað, þóknun o.s.frv.) á reikningana og gæti það kostað aukið flækjustig við skráningu. Peningareikningar geta einnig verið annars konar reikningar svokallaðir *dummy-reikningar.* T.d. kostnaðarreikningar, afskriftarreikningar vegna tapaðra krafna, fasteigna-reikningar vegna sölu á fasteignum fyrir verðbréf eða reikningar vegna þóknana.



Hafa skal í huga að peningareikningar í Jóakim halda ekki utan um áfallna vexti eða verðbætur eða slíkt og koma ekki fram í ávöxtunartölum í ávöxtunarskýrslu. Í Jóakim eru bókhaldslyklar peningareikninga stilltir beint inn í skilmálum peningareikninga en ekki í undirflokkunum eins og með aðrar verðbréfategundir í kerfinu. Það er vegna þess að mjög oft er sér bókhaldslykill fyrir hvern einasta peningareikning. Kerfið getur haldið utan um peningareikninga í erlendum gjaldmiði. Athugið einnig að þetta er sameiginleg tafla fyrir öll kerfin í Jóakim og því geta iðgjalda- og orlofshúsareikningar birst á þessum lista. Í listanum er hægt að velja ákveðinn peningareikning til að sjá nánari upplýsingar um hann og einnig hvaða bókhaldslyklum hann tengist með því að ýta á tap eða hægri enter:



Ýtið á **F5** til að fá upp aðrar upplýsingar/aðgerðir:



Þá er hægt að skoða allar innborganir eingöngu (1) eða útborganir (2). Valliður nr.3 er flýtileið í skýrsluna *Peningareikningshreyfingar* sem má finna undir *Skýrslur hreyfinga og viðskipta.* Í valmyndinni má einnig fara í verðbréfaflokkunina til að skoða og breyta (4) og að lokum er hægt að framkvæma fjöldabreytingar (6). Athugið að þó svo að *Vísitöluviðmið* birtist þarna þá á þessi liður ekki við um peningareikninga.

Skýrslan Peningareikningshreyfingar (sjá kaflann skýrslur hreyfinga og viðskipta):



Þegar farið er þessa leið yfir í peningahreyfinga skýrsluna þá er Jóakim búinn að skrá reikninginn inn í valforsendur. Notandi getur síðan bætt við ákveðnum valforsendum eins og t.d. tímabil eða upphæð.

Framvirkir samningar

Þegar valið er *Framvirkir samningar* birtist flettilisti yfir alla þá samninga sem eru í gangi – þ.e.a.s. ennþá *í gildi*. Listinn sýnir verðbréfagerðina þannig að notandinn getur séð strax um hvers konar samning er að ræða. Hægt er að skoða hvern samning fyrir sig nánar með því að velja þann samning í listanum og ýta á tab-lykil eða .



Ef ýtt er á **F5** í listanum þá birtist eftirfarandi valmynd með 6 mismunandi aðgerðum:



Hér er hægt að skoða stofnun samningsins, innlausnir, áhættuflokkun og verðbréfaflokkun samninga og framkvæma fjöldabreytingar. Alveg eins og hægt er með innlánin. Til að framkvæma fjöldabreytingu þarf að muna að velja línurnar (samningana) sem á að breyta með F6 eins og áður.

- Ef notandi vill sjá lista yfir samninga sem hafa verið lokað/innleystir er hægt að ýta á **F4** eða í listanum. Setja *'f'* í *Stöðu:* og staðfesta. Við það birtist listi með þeim samningum sem sjóðurinn hefur átt og hafa verið innleystir.



Þá birtist nýr listi eingöngu yfir lokaða framvirka samninga.

Áhættuflokkun verðbréfa

Hægt er að halda utan um allar breytingar á áhættuflokkun verðbréfa með því að skrá inn nýja áhættuflokkun og láta hana taka gildi ákveðinn dag. Þá fellur hin úr gildi þann sama dag. Með þessu móti er þá alltaf hægt að sjá áhættuflokkunarsögu verðbréfanna. Þannig er hægt að halda utan um verðbreytingu bréfa þ.a. virði þeirra þegar verið er að reikna stöðu aftur í tímann breytist ekki og ávöxtunarútreikningar gefa þá rétta mynd af verðþróun skuldabréfanna. Í þennan lið er í raun hægt að fara beint úr liðunum skuldabréf, hlutafélög, hlutdeildarsjóðir o.s.frv með F5 og velja áhættuflokkun í aðrar aðgerðir.



Dæmi 1: Áhættuflokkssaga ákveðnar verðbréfagerðar:
Þá skal ýta á F7 í *Verðbréfagerð* og velja viðeigandi verðbréfagerð. Valið er verðbréfagerðin FJAR09 og valmynd staðfest. Við það birtist listinn hér að neðan:





Jóakim birtir gerðina, einkennið á bréfinu, einkenni og heiti áhættuflokks og gildisdagssetninguna.

Dæmi 2: Verðbréfagerðir sem tengjast ákveðnum áhættuflokki:
Skoða skal verðbréf sem tengjast áhættuflokknum *A3* sem er ein tegund áhættuflokks:



Þá birtir Jóakim lista yfir þær verðbréfagerðir sem tengjast þessum áhættuflokki og dagssetningin segir til um hvenær áhættuflokkurinn tók gildi í gerðinni.

Lánaafgreiðsla



Lánaafgreiðslukerfið er nýjasti hluti verðbréfakerfisins. Þetta er fyrsti áfangi nýs afgreiðslukerfis lán sem felur m.a. í sér eftirfarandi verkþætti.

- Móttaka lánaumsókna rafrænt eða á pappírsformi
- Gögn sótt til CreditInfo. Þ.e.a.s. greiðslumatsgögn og aðrar forskráðar upplýsingar um ný lán og greiðslumat vegna þeirra.
- Hægt er að útbúa öll lánaskjöl og fylgigögn beint hér.
- Afgreiðsla lánaumsókna sem mynda sjálfkrafa skuldabréfakaup í *Skráningu verðbréfaviðskipta* í verðbréfakerfinu og tengir þar með þau gögn sem sótt eru til CreditInfo við verðbréfakerfið.

Þegar lífeyrissjóður ákveður að byrja nota lánaafgreiðslukerfið þarf að byrja á því að skilgreina lánasjóðinn, lánategundir og lánastöður og samskiptaflokka. Mesta vinnan fer í þetta í upphafi. Þegar þetta liggur fyrir og lífeyrissjóðurinn er kominn með tengingu við CreditInfo (CI) þá er hægt að byrja ná í gögn og stofna lánin.

Lánaumsóknir í vinnslu

Taflan sýnir yfirlit yfir lánaumsóknir sem tilheyrir lánasjóðnum sem eru í vinnslu (þ.e.a.s. **EKKI** búið að kaupa bréfin). Listann er búið að vista þannig að þeim umsóknum sem hafa verið hafnað eða eru frágengnar birtast ekki á listanum.



Hér er hægt að skoða allar umsóknir með því að fara inn í þær með tap eða hægri enter takka. Hnappurinn *Villuprófa umsókn* er virkur þegar lánaumsóknir eru á skráningarstigi.

Til að skrá inn nýja lánsumsókn er ýtt á Insert og slegin er inn kennitala lántaka, móttökudag, tegund lántaka og hvort um sé að ræða fyrstu kaup eða ekki og vista þannig umsóknina.



Ef að fyrir liggur samþykkt greiðslumat hjá CI er hægt að fara inn í nýskráða lánsumsókn og ýta á hnappinn neðst *Sækja gögn hjá CI.* Sé greiðslumatið til staðar fyrir viðkomandi kennitölu þá birtist það á skjánum. Hægt er að skoða greiðslumatið án þess að flytja það inn en með því að velja svo *Sækja gögn* þá stofnast lánið / lánin sjálfkrafa inn í lánsumsóknina ásamt veðböndum og fleiri upplýsingum sem tengjast viðkomandi greiðslumati og skipta máli fyrir lánsumsóknina. Kerfið finnur þá líka samsvarandi lánategund út frá auðkenningu CI og fyllir jafnframt út í útreikningsforsendur lánsins eins og þær eru settar upp með lánategundinni. Ef fleiri en eitt greiðslumat er til staðar fyrir viðkomandi kennitölu birtist listi yfir þau og hægt er að velja úr. Listinn hjá CI sýnir stöðu og skráningar-dagssetningu hvers greiðslumats og þarf að passa að rétt greiðslumat sé valið! Aðeins er hægt að skoða eða sækja þau gong frá CI sem hafa stöðuna *Lokið.*

Í listanum fyrir lánaumsóknir í vinnslu er hægt að ýta á F5 og kalla þannig upp lista með öðrum aðgerðum:



1. Samskipti

Hægt er að fara hér inn í samskiptagrunninn fyrir aðilann og skoða öll samskipti sem eru vistuð í kerfinu fyrir viðkomandi kennitölu. Til að skoða nánar þá er hægt að ýta á hnappinn *Skoða viðhengi.*



2. Prenta kynningargögn

Hægt er að láta kerfið útbúa öll kynningargögnin fyrir umsækjandann. Þegar ýtt er á hnappinn *Prenta kynningargögn* þá verður til PDF skjal sem er samsett af þeim PDF skjölum sem tilgreind eru á spjaldi lánasjóðsins auk staðlaða eyðublaðsins sem alltaf prentast með. Ef lánsumsókn er ekki komin með stöðuna *Samþykkt* þá prentast kynningargögnin út sem *drög*.

3. Prenta ráðstöfunarblað

Þá verður til PDF skjal sem er yfirlýsing um hvernig ráðstafa á láninu. PDF formið er skilgreint í spjaldi lánasjóðsins.

4. Prenta skuldabréf

Það er alltaf hægt að prenta skuldabréfið til að skoða þegar hentar. Þá opnast það sem PDF skjal. Á meðan staða umsóknar er ekki Samþykkt þá birtist það sem *drög*. Í bakgrunni bréfsins prentast rauður texti – t.d. drög eða í vinnslu en það fer eftir því hvernig bakgrunns PDF skjalið lítur út sem er tengt við spjald lánasjóðsins.

5. Setja umsókn aftur á vinnslustöðu

Ef að umsókn hefur verið samþykkt eftir villuprófun er ekki hægt að breyta neinum upplýsingum í henni. En ef að það er raunveruleg ástæða til einhverrar breytingar þarf að breyta stöðunni á umsókninni aftur í vinnslustöðu (*Í vinnslu)* og er það gert með því að velja þennan verklið og svara já við spurningunni ,,Umsókn verður sett aftur í vinnslustöðu“. Þá er hægt að gera þær breytingar sem þarf að gera og villuprófa þarf svo aftur áður en umsóknin er samþykkt aftur.

6. Hafna umsókn

Ef það þarf að hafna umsókn þá er umsóknin valin í listanum og farið í þennan verklið og valið stöðuna t.d. *Hafnað.* Þessi aðgerð er einungis virk ef staðan á umsókn er *Í vinnslu.*

7. Kaupa skuldabréf

Þegar lánaumsókn hefur verið samþykkt er hægt að fara í þessa aðgerð að kaupa skuldabréfið. Þessi aðgerð myndar þá fylgiskjal í Skráningu verðbréfaviðskipta í verðbréfakerfinu með skuldabréfakaupum ásamt útborgunum út af viðeigandi reikningum sem skilgreindir eru í spjaldi lánasjóðsins. Aðgerðin nær í sjálfgefinn skuldabréfaflokk en fara þarf með tap-lykli svo kerfið nái í næsta lausa númer fylgiskjals. Hér er möguleiki á að breyta dagssetningum eins og útgáfudag og vextir reiknast frá en sú dagssetning birtist sjálfkrafa sama dag og þessi aðgerð er valin ásamt veð- og matstegund á veðstað. Á skjámyndinni má sjá upplýsingar um skuldabréfið ásamt hreyfingunum sem munu stofnast.



Að þessu loknu þarf að fara inn í verðbréfakerfið í skráningu verðbréfaviðskipta – villuprófa og uppfæra.

8. Yfirlit um sjóðfélaga

Þessi aðgerð kallar á skýrsluna yfirlit um sjóðfélaga og keyrir hana upp fyrir þennan lánsumsækjanda.

9. Breytingasaga

Þessi aðgerð sýnir lista yfir allar þær stöður sem umsóknin hefur fengið.



Minni á hjálpartexta með hverri skjámynd – F1 til að fá nánari útlistun á innsláttarsvæðum og hverjum flipa fyrir sig í spjaldi umsóknar.

Lánaumsóknir

Þessi verkliður kallar fram valforsendumynd fyrir lánaumsóknir. Hægt er að leita eftir ýmsum valmöguleikum og láta raða niðurstöðulistanum eftir umsóknarnúmerum, móttökudagssetningu eða eftir kennitölum lántakenda.

Svæðin útskýra sig sjálf. Í *Ástand* er hægt að haka við fleiri en eina stöðu – t.d. að fá upp umsóknir sem eru með stöðuna *Tilbúið* og *Samþykkt* sem dæmi. Einnig er hægt að velja um eina ákveðna stöðu bara í *Staða umsóknar.*



Lánategundir

Hér eru lánategundirnar sem í boði eru skilgreindar. Það er mjög misjafnt hvað lánasjóðir bjóða uppá margar lánategundir. Listinn birtist sjálfkrafa yfir aðgengilegar/virkar lánategundir. Til að loka lánategund sem á ekki að vera aðgengileg lengur þarf að fara inn í þá tegund og setja hak við Lokað. Á bak við hverja lánaumsókn stendur ein eða fleiri lánseiningar og á bakvið hverja lánseiningu er lánategund. Hér í lánategundinni er auðkennið hjá CreditInfo stillt svo að parist saman þegar sótt eru gögn til CI.



Til að stofna nýja lánategund er ýtt á Insert.



Lánastöður

Hver lánsumsókn hefur alltaf einhverja stöðu og sérhver staða tengist einhverju öðru ástandi sem gegnir lykilhlutverki í framvindu umsóknarinnar.



Ástand stöðu getur verið:

- Frágengin
- Hafnað
- Hætt við
- Samþykkt
- Tilbúin
- Í vinnslu

Í upphafi eru þessar stöður skilgreindar til að endurspegla ástand umsóknarinnar. Hver sjóður getur notað sínar eigin lánastöður og stofnað þær að vild en þó er eingöngu alltaf ein staða sem er sjálfgefin fyrir hvert þrep í framvindu umsóknar. Sjálfgefnar stöður eru síðan skilgreindar á spjaldi lánasjóðs.

Lánasjóðir

Hér er lánasjóðurinn skilgreindur. Til að hægt sé að stofna lánasjóð í Jóakim þarf stofnunin að vera skilgreind sem slík en starfsmenn þjónustuaðila kerfisins sjá um slíka skráningu.

Skilgreina þarf ákveðnar grunnvinnslustöður sem lánasjóðurinn vill notast við í sambandi við úrvinnslu umsókna um lán. Skilgreina þarf samskiptaflokka fyrir hin ýmsu skjöl sem fylgja lánaumsókninni eins og t.d. sjálfgefinn samskiptaflokk og samskiptaflokk fyrir greiðslumatsskjölin o.fl. Hér eru PDF sniðmátin eins fest inn sem og sjálfgefna mótbókunarreikninga, gjöld við lánatökur sem og ýmsar stillingar varðandi veðstaðinn og FME flokkun.

Þegar verkliðurinn er opnaður þá birtist tafla yfir þá lánasjóði sem eru skráðir í kerfinu. Hver lánasjóður sér um að viðhalda svo sínum stillingum.



Númer	Nafn	St.vinnslu	St.tilb	St.samþ	St.frág	Fjs	Samsk	G.sam	Þ.sam
L005	Almenni lífeyrissjóðurinn	Vinnsla	Tilbúin	Samþykkt	Frágengin	1	LAN	GRM	ÞING
L015	SL lífeyrissjóður	Vinnsla	Tilbúin	Samþykkt	Frágengin	1	LAN	GRM	ÞING
L200	Gildi - lífeyrissjóður	Vinnsla	Tilbúin	Samþykkt	Frágengin	1	LAN	GRM	ÞING
L430	Birta lífeyrissjóður	Vinnsla	Tilbúin	Samþykkt	Frágengin	1	LAN	GRM	ÞING
L500	Stapi lífeyrissjóður	Vinnsla	Tilbúin	Samþykkt	Frágengin	2	LAN	GRM	ÞING
L820	Lífsverk lífeyrissjóður	Vinnsla	Tilbúin	Samþykkt	Frágengin	1	LAN	GRM	ÞING

Til að skoða/breyta stillingum þarf að fara inn í línuna með hægri entertakka eða tap.
Í fyrsta flipanum eru almennar stillingar. Hérna eru vinnslustöðurnar stilltar, samskiptaflokkar og önnur gjöld sem eru greidd við lánaafgreiðslu. Hér er einnig still hvort notast eigi við grunnvísitölu 1.vaxtadags (ekkert hak) eða setja hak og þá miðast grunnvísitala við útgáfudaginn. Við hverja lánsumsókn vistast greiðslumatsgögnin sem eru sótt til CreditInfo. Hægt er að fá grófa samantekt á gögnum (ekkert hak) eða ítarleg gögn en þá er haft hak.



Í flipanum *Skuldabréfakaup* eru stillingar sem kemur að skuldabréfakaupunum, þ.e.a.s. þegar lánið er stofnað úr lánaafgreiðslukerfinu yfir í verðbréfakerfið. Stilla þarf fylgiskjalaflokk og hvernig númerið er sótt og allir mótbókunarreikningar fyrir viðskiptin. Hér er einnig hægt að stilla sjálfgefnar stillingar fyrir veðstaðinn sem tekið er tillit til við útreikninga á veðhlutfalli og fl. Eins er hægt að stilla hér strax sjálfgefinn FME flokk, FME mörkin fyrir veðbandayfirlitsskýrslu og FME flokkinn ef farið er yfir mörkin.



Í flipanum *Útskriftir* eru sniðmátin fyrir útskriftar- og kynningargögn fest inn. Fyrir utan staðlaða eyðublaðið (skýrsla neytendalána) sem alltaf prentast með kynningargögnum þá geta lánasjóðir ráðið því hvernig kynningargögnin eru samsett. Fyrst kemur svokallaða hausblað (undirritunarblað), síðan staðlaða eyðublaðið og svo koll af kolli önnur skjöl sem skilgreind eru hér.

Ath að ef hak er sett við *Greiðslumatsskýrsla með í kynningargögnum* þá prentast greiðslumatsskýrslan frá CreditInfo með kynningargögnunum.



Í flipanum *Tegundir lánaveitenda* er hægt að skilgreina ákveðna lánveitendur sem oft eru til staðar við afgreiðslu lána. T.d. Lánasjóður íslenskra námsmanna eða bílafjármögnunarfyrirtæki.



Hreyfingar



Hreyfingar inniheldur valliði fyrir hreyfingar verðbréfa og reikninga. Alla þessa valliði er hægt að fara í með öðrum aðgerðum (**F5** eða +) í valliðunum skuldabréf, innláns- og peningareikningar, hlutabréf og hlutdeildarsjóðir.

Hér er hins vegar ekki hægt að finna verkliði fyrir hreyfingar framvirkra samninga. Til að sjá hreyfingar framvirkra samninga þarf að fara í *Framvirkir samningar* og finna viðeigandi samning og ýta á **F5** eða + .

Skuldabréfakaup / Skuldabréfasala / Greiðsla gjalddaga

Sama valforsendumynd birtist fyrir þessar þrjá valliði. Í svæðinu *Tegund hreyfingar* kemur ´k´ þegar *Skuldabréfakaup* er valið, ´s´þegar *Skuldabréfasala* er valið og ´g´ þegar *Greiðsla gjalddaga* er valið.



Í *Tegund verðbréfa* kemur sjálfkrafa ´S´ því að við erum að fara skoða hreyfingar skuldabréfa. Síðan getum við valið m.a. um hver staðan á hreyfingunum á að vera, þ.e.a.s. hvort að hreyfing sé á skráningarstigi eða uppfærð. Einnig er hægt að velja hvort að bakfærðar hreyfingar eigi að birtast eða ekki. Einnig er hægt að kalla eingöngu fram hreyfingar sem skráðar voru utan sjóðstreymis. Hægt er að kalla fram kaup sem voru gerð á ákveðnum degi eða tímabili svo eitthvað sé nefnt.

- Í *Röðun* kemur að raða eftir Gerð og einkenni.
- Ef bakfærslur og færslur utan sjóðstreymis eiga EKKI að koma fram skal taka stjörnuna úr svæðunum *Bakfærsla* og *Utan sjóðstreymis.*

Niðurstaða valforsendanna birtist í formi flettilista þar sem hægt er að skoða hverja færslu fyrir sig með því að ýta á eða hægri Enter takka. Nota skal hjálpina (**F1**) til að fá nánari útskýringu á innsláttarsvæðum.

Innborgun / Útborgun

Hér kemur upp valforsendumynd þar sem fylla þarf út ákveðnar leitarforsendur. Í *Tegund verðbréfa* kemur sjálfkrafa '*P*' sem stendur fyrir peningareikninga. Hægt er að skrifa '*B*' sem stendur fyrir innlánsreikninga ef skoða á hreyfingar þeirra. Í *Tegund hreyfingar* er '*k*' ef um innborgun er að ræða en '*s*' ef um útborgun er að ræða. Niðurstaðan birtist í formi flettilista eins og með hreyfingar skuldabréfa.



Hlutabréfahreyfingar

Hér er hægt að skoða þrjár tegundir hlutabréfahreyfinga. Hlutabréfakaup, hlutabréfasölur og arðgreiðslur hlutabréfa. Þegar notandi velur þann lið sem við á birtist valmynd sem er eins fyrir alla þrjá liðina:



Í svæðið *Tegund verðbréfa* kemur sjálfkrafa '*H*' því um hlutabréfahreyfingar er að ræða. Í svæðið *Tegund* hreyfingar er '*k*' ef um hlutabréfakaup er að ræða, '*s*' ef um hlutabréfasölu er að ræða og ef um hlutabréfaarð er að ræða er '*g*'.
Niðurstaðan birtist í formi flettilista þar sem hægt er að skoða hverja færslu fyrir sig nánar með því að ýta á eða hægri enter takka.

Hlutdeildarsk.hreyfingar

Hér er hægt að skoða hlutdeildaskírteinakaup, -sölur og/eða greiðslur vaxta. Þegar notandi velur þann lið sem við á birtist valmynd sem er eins fyrir alla þrjá liðina:



Tegund hreyfingar aðgreinir hvaða liður var valinn. Nota skal hjálpina (F1) til að fá nánari útskýringu á innsláttarsvæðum. Benda skal á að hægt er að skoða fleiri en eina tegund hreyfinga. Til ef skoða á allar hreyfingar (*) eða kaup og sölur (ks).

Skuldabréfaveð og ábyrgðarmenn

Hér er hægt að fletta upp veðum skuldabréfa sem og ábyrgðarmenn skuldabréfa.



Veð skuldabréfa

Þegar þessi valliður er valinn birtist valforsendumynd sem notandi þarf að setja inn leitarforsendurnar.



Notandi getur t.d. kallað fram flettilista með veðum sem tilheyra ákveðinni verðbréfagerð eða flett upp veðstað á ákveðnu skuldabréfanúmeri. Einnig getur hann leitað að öllum lánum sem hafa veðstað í ákveðinni eign eða sveitarfélagi. Einnig hægt að fá upp lista yfir lánsveð (setja Já í flettilistann). Þegar valforsendur hafa verið samþykktar birtist flettilisti með þeim skuldabréfum sem uppfylla valforsendurnar. Hægt er að skoða hvern veðstað fyrir sig með því að ýta á hægri Enter á talnalyklaborði eða tap-lykil.



Hér getur notandi framkvæmt breytingar eða viðbætur við veðupplýsingar láns. Þegar loka á veðstaðnum gerir hann það með því að fylla út í *Dags.afskrán.veðs* dagssetninguna sem lokunin á sér stað. Ef notandi ætlar að skrá inn nýtt veð verður hann að fara inn í skuldabréfið sjálft og skrá nýtt veð. Mælt er með, ef skuldari breytir um veðstað, að gildandi veðstað sé lokað og svo nýr skráður svo hægt sé að skoða söguna á breytingum veðstaða. Hægt er að skrá inn veðsetningu eignarinnar sem og hvort veðstaðurinn sé í raun lánsveð (hak sett við *lánsveð)* og eins er þá hægt að skrá inn eiganda lánsveðs.



Ábyrgðarmenn

Hér er hægt að kalla fram flettilista með ábyrgðarmönnum ákveðinna skuldabréfa sem notandinn velur. Hér er t.d. valið að fá flettilista yfir alla ábyrgðamenn sjóðfélagalána sem bera verðbréfagerðina SJF.FE.:



Hægt er að velja um 4 mismunandi tegundir ábyrgar. Athugið að þessar upplýsingar er einnig hægt að nálgast á einstaka skuldabréfi þegar ýtt er á F5 fyrir Aðrar aðgerðir.

Bankaupplýsingar



Í Jóakim er hægt að skoða skuldabréf og greiðslur þeirra eins og þau eru skráð í innheimtukerfi Reiknistofu bankanna (RB) eða Libra innheimtukerfinu – þ.e.a.s. ef bréfin eru þar í innheimtu.
Jóakim geymir allar upplýsingar um þessi bréf í sérstökum hliðargagnagrunni þar sem lesið er rafrænt inn í kerfið ýmist daglega og mánaðarlega. Hægt er að nota gögnin til uppflettingar og þá sérstaklega þegar verið er að bera saman grunnupplýsingar bréfa milli kerfa og Jóakim. Þegar greiðslur frá bönkunum/RB og Jóakim stemma ekki er þessi valmöguleiki mikið notaður til að skoða hvernig bréfið hefur verið meðhöndlað í bankanum t.d. grunnupplýsingar, greiðslur og gjalddagar í vanskilum.

Banka skuldabréfaupplýsingar

Í *Banka Skuldabréfaupplýsingunum* þarf að fylla út valforsendumynd sem gefur möguleika á að velja m.a. banka, bréf, samtöluflokka eða greiðanda svo eitthvað sé nefnt:



- Vinsamlegast farið í hjálpina (**F1** eða) til að fá nánari útlistun á hverju innsláttarsvæði fyrir sig.
- Hægt er að velja um þrjá röðunarmöguleika. Þ.e.a.s. eftir hverju skuldabréfin í niðurstöðulistanum raðast.

1 : Þá raðast skuldabréfin eftir númeri þess.
2 : Þá raðast skuldabréfin eftir samtöluflokki.
3 : Þá raðast skuldabréfin eftir kennitölu greiðanda.
4 : Þá raðast skuldabréfin eftir nafni greiðanda.

Þegar valforsendur hafa verið staðfestar birtist flettilisti bréfa þar sem hægt er að fara inn í hvert bréf og skoða grunnupplýsingar bréfsins eins og það er skráð í bankanum með því að ýta á ⏎ eða hægri entertakka. Í flettilistanum er hægt að stytta sér leið yfir í greiðslur skuldabréfsins, gjalddaga (þ.e. ógreiddir gjalddagar) og í birgðastöðulista hjá RB eins og hann birtist um hver mánaðarmót.

Til að fá upp valmyndina með þessum aðgerðamöguleikum þarf notandi að velja skuldabréfið sem hann vill skoða nánar í flettilistanum og ýta á **F5** eða **+**.

Banka greiðslur skuldabréfa

Þessi valmynd er notuð til að fá fram flettilista yfir þá gjalddaga sem greiddar hafa verið í kerfi RB. Hægt er að fletta upp eftir ákveðnu númeri bréfs eða bréfi sem tilheyrir ákveðnum banka, greiðanda eða samtöluflokki. Einnig er hægt að fletta upp greiðslum sem framkvæmdar voru á ákveðnu dagssetningartímabili eða með gjalddaga á ákveðnu tímabili svo eitthvað sé nefnt.



Þegar listinn birtist er hægt að skoða nákvæma sundurliðun á greiðslunum með því að fara í greiðsluna sem um er að ræða og ýta á hægri enter eða ⏎.

Í flettilistanum sem birtist er einnig hægt að fara flýtileið yfir í stofnupplýsingar bréfsins eða loka fyrir greiðslur þannig að Jóakim reyni ekki að lesa þær inn í kerfið í vinnslunni *Uppfærsla greiðslna úr bankainnheimtu*. Til að fá upp valmyndina með þessum aðgerðamöguleikum þarf notandi að velja greiðsluna **F5** eða **+**.
Þá birtist valmyndin hér til hliðar:



Í liðnum fjöldabreyting er hægt að loka fyrir innlestur á ákveðnum greiðslum frá RB. Dæmi ef gjalddagi hefur verið handskráður inn í Jóakim einhverja hluta vegna þarf að loka fyrir hann í RB-greiðslum svo að Jóakim reyni ekki að lesa gjalddagann inn í kerfið. Það er gert þannig að notandinn þarf að finna greiðsluna sem á að loka og merkja hana með **F6** þannig að línan fyrir greiðsluna verður rauð. Því næst ýtir notandinn á **F5** og fær upp valmyndina og velur þar *Fjöldabreyting*. Þá birtist eftirfarandi gluggi:



- Athugið að 'x'-ið þarf að vera í *Breyta merktum færslum* til að greiðslan sem við merktum með **F6** lokist.
- Algengt er að hinn almenni notandi hafi ekki aðgang að þessarri aðgerð sökum öryggislása. Viðkomandi skal þá senda þjónustufulltrúa verðbréfakerfisins beiðni um að loka fyrir færslu(r).
- Hægt er að opna aftur fyrir færslur sem hafa verið lokaðar ef á þarf að halda.

Banka gjalddagar skuldabréfa

Í þessum vallið er hægt að kalla fram flettilista yfir útreiknaða gjalddaga sem eru í vanskilum á ákveðnu bréfi/bréfum og einnig er hægt að skoða nákvæma sundurliðun á þeim eins og á greiddum gjalddögunum. Hægt er að leita eftir t.d. númeri bréfs, útibúi, kennitölu greiðanda svo eitthvað sé nefnt.



- Athugið að um leið og gjalddagi hefur verið greiddur fer hann af listanum og yfir í *RB-Greiðslur gjalddaga*.
- Athugið að svæðið *Greiðsludags* er haft tómt því að við erum að horfa á ógreidda gjalddaga!

- Hægt er að velja um þrjá röðunarmöguleika:
  - 1 = Niðurstöðum raðað niður eftir gjalddaga.
  - 2 = Niðurstöðum raðað niður eftir númeri skuldabréfsins.
  - 3 = Niðurstöðum raðað niður eftir kennitölu greiðanda.

Notandinn getur valið að slá inn ákveðið gjalddagatímabil. Ef fyrra svæðið er fyllt út, koma allir gjaldagar sem eru með gjalddaga frá og með þeirri dagssetningu sem slegin var inn. Ef seinna svæðið er fyllt út koma allir gjalddagar sem eru á gjalddaga til og með þeirri dagssetningu sem slegin var inn. Þetta svæði er gott að nota ef óskað er eftir öllum gjalddögum sem eru með eldri vanskil en t.d. 1 mánuður, '*' táknar ótakmarkað.

Banka - birgðastöðulisti

Eftir hver mánaðarmót keyrir bankinn inn í Jóakim birgðastöðulista m.v. 1.hvers mánaðar. Þ.a.l. verður viðmiðunardagssetningin á þessari skýrslu alltaf að vera 1.hvers mánaðar. Notandinn getur valið að sjá birgðalista einstakra bréfa eða samtöluflokka eða bréfa sem tilheyra ákveðnum banka. Myndin að neðan sýnir valforsendumyndina. Birgðalistinn birtist í formi skýrslu. (ATH – þessi virkni ekki lengur til staðar eftir að bankar fóru að notast við Librakerfið)



Hægt er að vista uppsetninguna með því að setja inn lýsandi heiti í reitinn *Uppsetning* og ýta á F5.

Birgðastaða

Banki-Bréfnr.	Greiðandi	Síð.vxtdag	Vaxta%	Áf.vextir	Gjaldf.vextir	Dráttarvextir	Greiðslust.skil	Verðbótahækkun	Bókfærð staða
Samtals		Fj: 2435	3,555	121.936.187	4.494.374	122.523	34.801.785.879	2.921.001.016	37.716.197.336
0596		Fj: 2435	3,555	121.936.187	4.494.374	122.523	34.801.785.879	2.921.001.016	37.716.197.336
		Fj: 9	4,437	3.564.673	0	0	326.874.171	83.654.342	410.528.513
		15.05.2019	4,100	1.708.965	0	0	80.942.316	9.452.556	90.394.872
		15.05.2019	4,100	155.361	0	0	7.358.393	859.323	8.217.716
		15.05.2019	4,100	281.974	0	0	13.396.423	1.518.430	14.914.853

Samanburður við stofnuppl. banka

Hægt er að gera samanburð á stofnupplýsingum skuldabréfa í banka við stofnupplýsingarnar í Jóakim. Þetta getur verið gagnlegt þegar nýbúið er að setja bréf í innheimtu til að athuga hvort bréfin séu ekki eins skráð á báðum stöðum. Hægt er að bera saman einstaka þætti bréfanna með því að setja 'x' í viðeigandi reit/reiti og hægt er að miða við hvaða dagssetningu sem er.
(ATH – þessi virkni ekki lengur til staðar eftir að bankar fóru að notast við Librakerfið)



Niðurstaðan birtist í formi skýrslu. Athugið að ef skýrslan er tóm þá stemmir bréfið 100% við bankaupplýsingarnar.

Samanburður birgðastöðu við banka

Í stað þess að bera saman handvirkt skýrsluna *Eftirstöðvar skuldabréfa* og *Banka – birgðastöðulista* er mögulegt að framkvæma einn vélrænan samanburð. Þetta er gert í valliðnum *Samanburður birgðastöðu við banka*. Þetta er valforsendumyndin sem birtist:



Niðurstaðan birtist í formi skýrslu þar sem fram kemur hvernig lánið sundurliðast í bankanum annarsvegar og hins vegar í Jóakim. Hægt er að stilla hámarks mismunaupphæð:

- Gott að keyra þessa skýrslu eftir hver mánaðarmót til þess að kanna t.d. hvort að öll ný sjóðfélagalán mánaðarins á undan hafi stofnast inn í Jóakim.

- Ef Jóakim finnur lán í RB sem ekki finnst í Jóakim kemur texti við það lán sem segir ,,*Finn ekki í Jóakim: Bankanúmer-númer skuldabréfs í bankanum*". Þá þarf að stofna lánið í Jóakim!
- Viðmiðunardagssetning skal ávallt vera 1. hvers mánaðar annars birtist ekkert.
- Ef *Hámarks mism.upph.* er 1,00 kr. þýðir að bréf sem reiknast með ***meira*** en 1 kr. í mismun í bókfærðu verði birtist það bréf á listanum. Sumir velja 0 kr. eða 100 kr. fer eftir nákvæmni á hverjum stað fyrir sig.
- Þennan samanburð gæti verið betra að setja á runuvinnslu þar sem þetta gæti verið þung vinnsla og tímafrek – gott t.d. að láta þessa vinnslu keyra á runuvinnslu alltaf mánaðarlega.

Bankar

Flettilisti yfir alla banka og sparisjóði á Íslandi.



Í flettilistanum má sjá útibúsnúmer, nafn og staðsetningu bankans, símanúmer og faxnúmer. Hægt er að breyta röðuninni í flettilistanum að ofan eins með því að ýta á **F4** eða . Við það birtist valmyndin hér til hliðar:

Hægt er að velja á milli þess að skoða bankalistann raðaðan eftir númeraröð (útibúsnúmer) eða nafnaröð.
Hægt er að skoða hvern banka nánar með því að ýta á hægri enter takka eða . Þá birtast upplýsingar eins og kennitala, heimilisfang og póstnúmer. Þjónustufulltrúar Jóakims sjá um að viðhalda listanum og þiggja ávallt ábendingar notenda um allar breytingar.



Umsóknir verðbréfa

Þetta er verkliður sem heldur utan um allar umsóknir sjóðfélaga um sjóðfélagalán. Skilgreina þarf í upphafi umsóknartegundir, umsóknarstöður og umsóknar. Notandinn skráir síðan inn umsóknir í *Umsóknir um lán.* Svo er farið yfir umsóknir og þeim hafnað eða samþykkt.

Umsóknartegundir

Hér eru skráðar þær umsóknartegundir sem eru til. Til dæmis gæti verið ein tegund fyrir lán með föstum vöxtum og önnur tegund fyrir lán með breytilegum vöxtum. Það er algjörlega sjóðsins að ákveða hversu nákvæmar tegundirnar eru. Í dæminu að neðan hafa verið stofnaðar 6 mismunandi umsóknartegundir:



Eink	Heiti	Verðbréfateg	Gerð	Umsóknir	Lok
ANBV	Annuitet - breytilegir vextir	Skuldabréf	SJVTBG	565	
ANFV	Annuitet - fastir vextir	Skuldabréf	SJVTBG	969	
JABV	Jafnar afb. - breytilegir vextir	Skuldabréf	SJFÉL	243	
JAFV	Jafnar afb. - fastir vextir	Skuldabréf	SJFÉL	738	
ÓVJA	Óverðtryggt - Jafnar afborganir	Skuldabréf	SJFÉL	181	
ÓVJG	Óverðtryggt - Jafnar greiðslur	Skuldabréf	SJFÉL	333	

Til að stofna inn tegund skal ýta á Insert:



Hér þarf að gefa tegundinni einkenni, heiti og tengja við verðbréfagerð. Valfrjálst er hvort að skráð er inn lýsing fyrir umsóknartegundina. Hengja verður við umsóknartegundina PDF formið og eru svo svæðin skilgreind hvert fyrir sig í flipanum *Svæði á PDF skjali*.



Þjónustufulltrúar kerfisins aðstoða við þessar upphafsstillingar.

Umsóknarstöður

Þetta er listi yfir þær stöðufærslur sem notaðar eru í umsóknir um lán. Hér má sjá dæmi um umsóknarstöður:



Til að skrá inn nýja umsóknarstöðu skal ýta á Insert

Umsóknasjóðir

Listi yfir þá sjóði sem eru að nota umsóknir verðbréfa liðinn. Ef sjóður ætlar að byrja notast við þetta umsóknarkerfi þarf að skilgreina sjóðinn fyrst hér. Þjónustufulltrúar kerfisins sjá um að stilla þær upphafsstillingar.

Umsóknir um lán



Hér skráir notandinn inn allar umsóknir um lán. Ef listinn er tómur eru engar umsóknir skráðar. Dálkurinn *Staða* segir til um á hvaða stigi umsóknin er: Frágengin, hafnað, samþykkt eða í vinnslu.

Ef breyta þarf stöðu á umsókn þarf að velja viðeigandi umsókn og fara inn í línuna og breyta stöðunni í svæðinu *Staða.*





Til að skrá inn umsókn þarf að ýta á Insert. Hér eru fylltar út upplýsingar sem fylgja umsókninni. Svo þegar þetta hefur verið staðfest birtist umsóknin í listanum.

Að lokum er síðan hægt að ýta á **Prenta PDF** hnappinn til að prenta út bréfið þegar umsókn hefur verið samþykkt.

Stjórnupplýsingar

Til að geta unnið í Jóakim þarf notandi að skrá og viðhalda ýmsum stjórnupplýsingum. Hér má finna valliði fyrir til dæmis umsjónarstaði og fylgiskjalaflokka svo eitthvað sé nefnt. Undir *Stjórnupplýsingum* má finna undirvallið sem heitir *Flokkun verðbréfa* og þar er að finna verðbréfagerðirnar, undirflokkana, yfirflokkana og bókhaldsuppgjörshlutina. Bókhaldslyklarnir eru síðan stilltir í undirflokkunum fyrir allt nema skuldabréf og innlánsreikninga. Fyrir skuldabréfin þarf að stilla bókhaldslyklana í *Bókunaraðferðum skuldabréfa*. Svo eru bókunaraðferðirnar stilltar í undirflokkum skuldabréfanna.



Umsjónarstaðir

Umsjónarstaðir eru aðilar sem hafa umsjón með verðbréfum og annast innheimtu þeirra. Í flestum tilvikum er um banka að ræða en einnig getur lífeyrissjóðurinn sjálfur verið umsjónarstaður eða verðbréfafyrirtæki. Öll verðbréf verður að tengja við umjónarstað.

- Þegar umsjónarstaður er stofnaður þarf að skrá einkenni, heiti og stuttheiti.
- Ef umsjónarstaðurinn er banki þá er gott ráð að skrá bankanúmerið sem einkennið á umsjónarstaðnum.
- Ef greiðslur berast vélrænt frá þessum umsjónarstað þá þarf að skrá inn sjálfgefin mótbókunarreikning þar sem greiðslurnar færast sjálfkrafa inn á, en sá reikningur þarf að vera til í Jóakim undir *Peningareikningar*.

Hægt er að skoða hvern umsjónarstað nánar með því að ýta á Enter á talnalyklaborði eða .



Nýr umsjónarstaður er búinn til með því að ýta á Insert eða í listanum. Ekki er hægt að eyða umsjónarstað úr listanum ef hann er tengdur við einhver verðbréf, mælt er með að honum sé frekar *lokað*. Til að loka umsjónarstað þá er farið inn í þann umsjónarstað og hakað við *Lokað* og breytingin staðfest. Hægt er að opna aftur með því að taka hakið úr.

Vörsluaðilar

Vörsluaðili er sá staður/aðili sem geymir frumrit verðbréfa. Ekki er nauðsynlegt að skrá vörsluaðila fyrir verðbréf. Hægt er að skoða hvern vörsluaðila nánar með því að ýta á enter á talnalyklaborði eða .



Nýr vörsluaðili er búinn til með því að ýta á Insert eða . Ekki er hægt að eyða út vörsluaðila. Ef hætt er að nota einhvern ákveðinn aðila skal fara inn og setja hak í *Lokað* og staðfesta. Hægt er að opna aftur með því að taka hakið úr. Til þess að kalla fram vörsluaðila/umsjónarstaði sem hafa verið lokað skal ýta á **F4** og velja *allt* í listanum við *Lokað* til að fá bæði fram:



Viðskiptaákvarðanir

Viðskiptaákvarðanir eru til að halda utan um hver ákveður verðbréfaviðskiptin sem verið er að skrá inn í kerfið (skráð inn í forsendur fylgiskjals í skráningu verðbréfaviðskipta). Til að búa til nýja ákvörðun skal ýta á Insert eða .



Ekki er hægt að eyða út ákvörðun, ef hætt er að nota einhverja ákveðna ákvörðun skal fara inn í hana með t.d. enter á talnalyklaborði og setja hak í *Lokað* og staðfesta. Hægt er að opna aftur með því að ýta á **F4** í listanum og velja *Já* í listanum við *Lokað.*

Lögfræðingar

Hér er hægt að skrá inn lögfræðinga eða lögfræðistofur sem sjá um lögfræðiinnheimtu sjóðsins. Hægt er að skoða/breyta með því að ýta á Enter á talnalyklaborði eða . Nýr er búinn til með því að ýta á Insert eða .





Veðmatstegundir

Veðmat er mat á verði veða. Veðmatstegund er notuð í skráningu veðstaða veðskuldabréfa til að segja til um hvers konar verðmat (ef það er skráð) hefur verið sett á veðstaðinn. Dæmi um slíkt gæti verið fasteignamat eða brunabótamat. Til að búa til nýja veðmatstegund er ýtt á insert eða . Til að loka skal haka við *Lokað* og staðfesta – hægt er að opna aftur með því að taka hakið út (ýta á F4). Ekki er hægt að eyða línu í listanum ef veðmatstegundin hefur verið notuð í kerfinu.



Fylgiskjalaflokkar

Þegar verið er að skrá verðbréfaviðskipti inn í verðbréfakerfið þarf að stofna fylgiskjal og flokka fylgiskjalið í fylgiskjala flokk. Það er hverri stofnun í sjálfval sett hversu nákvæmir fylgiskjalaflokkarnir eru. Sumir láta sér nægja einn fyrir hvert viðskiptaár meðan aðrir flokka niður eftir hvort um er að ræða hreyfingar tengdar sjóðfélagalánum eða almennum verðbréfaviðskiptum í gegnum fjárvörsluaðila. Flettilistinn sýni einkenni og heiti flokksins. Hæsta númer í fylgiskjala flokknum ásamt fjölda skráðra fylgiskjala, hak við Vb ef flokkurinn tilheyrir verðbréfakerfinu. Athugið að allar þær greiðslur sem berast rafrænt inn í kerfið (t.d. greiðslur sjóðfélagalána) fá fylgiskjalaflokkinn ZZZZ sem sést þó ekki á þessum lista.



Eink	Heiti	Hæst	Fjöldi	Skg	Fl	Vb	Tlk	Lok
LE15	Leiðréttingarlán 2015		0			✓		
OHGR	Orlofshúsagreiðslur	27	27					
SJ09	Sjóðfélagalán 2009	7	7			✓		
SJ12	Ný sjóðfélagalán 2012		0			✓		
SJ13	Ný sjóðfélagalán 2013		0			✓		
SJ15	Ný sjóðfélagalán 2015	1	1			✓		
SKB	Skuldbreyting sj.fél.lána	26	17			✓		
VB	Verbréfaviðskipti <=2007	1925	329			✓		
VB08	Verðbréfaviðskipti 2008	37	37			✓		
VB09	Verðbréfaviðskipti 2009	59	57			✓		
VB10	Verðbréfaviðskipti 2010	48	47			✓		
VB11	Verðbréfaviðskipti 2011	1793	49			✓		
VB12	Verðbréfaviðskipti 2012	80	63			✓		
VB13	Verðbréfaviðskipti 2013	89	48			✓		
VB14	Verðbréfaviðskipti 2014	13	8			✓		
VB15	Verðbréfaviðskipti 2015	10	7			✓		
VB16	Verðbréfaviðskipti 2016	10	6			✓		
VB17	Verðbréfaviðskipti 2017	3	2			✓		
VB18	Verðbréfaviðskipti 2018	2	2			✓		

Þegar nýr fylgiskjalaflokkur er stofnaður (Insert eða 🗋) er honum gefið einkenni og heiti. Haka þarf í *Leyfa verðbréfaviðskipti* sem segir til um það að einungis sé hægt að nota þennan fylgiskjalaflokk í verðbréfakerfinu. Einnig er hægt að setja eitthvað ákveðið númer í leyfilegt númerabil. Til dæmis ef notandinn vill að þessi flokkur byrji að telja á 1000 í stað 1 þá skráir hann 1000 í fremra svæðið. Að lokum er hægt að skrifa athugasemdir á flokkinn.



Bókunaraðferðir skuldabréfa

Bókunaraðferð er safn af bókhaldslyklum sem. Bókunaraðferðir tengjast svo skuldabréfum og innlánum. Til að skoða hvaða bókhaldslyklar liggja á bakvið hverja bókunaraðferð skal fara inn í línuna með hægri enter eða .



- Athugið að svæðið *Mismunur/afföll* er notað fyrir afföll í kaupum/sölu og eignarmati skuldabréfa en notað fyrir mismun þegar um er að ræða afborgun gjalddaga.
- Á kostnaðarreikning færist innheimtukostnaður eiganda vegna afborgana gjalddaga (þegar það á við) en í öðrum skuldabréfahreyfingum er hann ekki notaður.
- Hægt er að flokka niðurfærslu skuldabréfa á sér bókhaldslykil ef þess er óskað og eins afskriftir.

Notendum er í sjálfsvald sett hversu nákvæmlega niður á bókahaldslykla þeir sundurliða færslurnar. Þó skal bent á að hægt er að hafa það mjög einfalt t.d. einn lykil fyrir nafnverð og annan fyrir allar hinar færslutegundirnar því að hægt er að sundurliða í skýrslunum nákvæmlega hvað færðist á hvaða bókhaldslykil eftir tegund færslu.

Ný bókunaraðferð er búin til með því að ýta á Insert eða .

Bókhaldsreikningar (bókhaldslyklar)

Flettilisti sem inniheldur alla bókhaldslykla sjóðsins. Sjóðurinn sjálfur sér um að viðhalda þessum lista.



Nýr bókhaldslykill er búinn til með því að velja Insert eða . Benda skal á að ekki er hægt að eyða lykli nema hann hafi aldrei verið notaður. Ef einhver lykill á ekki að vera lengur aðgengilegur er honum lokað með því að notandi fer inn í línuna með hægri enter eða og setur hak við *Lokað* og staðfestir. Til að kalla fram lykla sem hafa verið lokað skal ýta á F4 eða og velja *Já* í *Lokað.*



Verðbréfaeigendur

Á þessum lista má sjá allar þær stofnanir (lífeyrissjóðir, stéttarfélög, fjármálafyrirtæki) sem skráð eru í Jóakim kerfið. Þjónustuaðili Jóakims sér um að stofna nýjar stofnanir en síðan getur hver sjóður breytt sinni færslu að vild.

Í verðbréfaeigandafærslunni eru ýmsar stjórnupplýsingar sem gilda fyrir sjóðinn. Skrá þarf hámarks-mismun sem leyfður er í sjálfvirkum uppfærslum afborgana. Sjálfgefinn mótbókunarreikningur er peningareikningur þar sem greiðslur koma með sjálfvirkum hætti inn á ef ekki er skráður slíkur reikningur í umsjónarstað. Þarna er einnig stillt hvaða verðmatsaðferð sjóðurinn vill nota í keyrslum bókhaldsuppgjöra. Vísitöluaðferð vegna framreiknings hlutabréfa stýrir framreiknuðu kaupverði á hlutabréfum. Þarna eru einnig stilltar ýmsar upplýsingar varðandi gagnastillingar tengt FME skýrlsu.

Áhættuflokkar

Áhættuflokkar eru ætlaðir til að flokka verðbréf eftir endurgreiðsluáhættu. Endurgreiðsluáhætta segir til um getu skuldara til að standa í skilum og þær tryggingar sem eru að baki ef skuldari verður gjaldþrota. Upplýsingar úr áhættuflokkum eru notaðar við að niðurfæra verð bréfanna eftir áhættu og við að meta hugsanlegt markaðsverð.



Þegar verið er að skrá verðbréf og tengja það við áhættuflokk þarf alltaf að skrá hvenær áhættuflokkurinn tekur gildi. Ef breytt er um áhættuflokk þarf að tilgreina frá hvaða tíma breytt flokkun gildir þannig er alltaf hægt að sjá áhættuflokkssögu verðbréfanna. Með þessu er hægt að halda utan um verðbreytingu bréfa þ.a. virði þeirra (þegar verið er að reikna stöðu aftur í tímann) breytist ekki og ávöxtunarútreikningar gefa þá rétta mynd af verðþróun skuldabréfanna.

Hægt er að skoða hvern áhættuflokk fyrir sig með því að ýta á hægri enter eða .

Hægt er að bæta ákveðnu álagi ofaná vaxtagrunn verðtryggðra og óverðtryggðra skuldabréfa. Þetta álag fer yfirleitt eftir skuldaraáhættu bréfanna. Ef skuldabréf er ekki markaðsbréf þá er þessi stuðull notaður til að nálgast markaðsávöxtunarkröfu bréfsins með því að hækka grunnávöxtunarkröfuna.

Einnig er hægt að stilla *niðurfærsluhlutfall* vegna útlánatapa. Í hlutfalli niðurfærslu er sett prósentulækkun á virði bréfanna sem hægt er að velja í sumum skýrslum. Í hlutfall niðurfærslu bréfa í vanskilum er sett prósentulækkun á virði skuldabréfa í vanskilum sem einnig er hægt að velja í sumum skýrslum. Svo er hægt að velja lengd vanskilanna.

Ekki er hægt að eyða áhættuflokki ef hann hefur verið notaður það verður að loka honum með því að fara inn í hann og haka við *Lokað* og staðfesta.

Flokkun verðbréfa



Góð og ítarleg flokkun á verðbréfum er undirstaða virkrar sjóðsstjórnunar. Við mótun á fjárfestingarstefnu er nauðsynlegt að vita hvernig verðbréfasafn sjóðsins er samsett. Tengja þarf allar verðbréfagerðir við undirflokka sem verða að tengjast yfirflokki. Yfirflokkurinn tengist að lokum bókhaldsuppgjörshluti.

<u>Í Jóakim er flokkun verðbréfa skipt í fjögur lög:</u>

1. ***Bókhaldsuppgjörshlutar*** → Allir yfirflokkar verða að tengjast uppgjörshlut.
2. ***Yfirflokkar*** → Efsta lagið í aðalflokkun verðbréfa eins og nafnið gefur til kynna. Hver yfirflokkur skiptist síðan niður í nokkra undirflokka. Sami yfirflokkur getur verið fyrir mismunandi tegundir verðbréfa. Þ.e.a.s. sami yfirflokkur getur átt við hlutabréf og skuldabréf á sama tíma.
3. ***Undirflokkar*** → Hver undirflokkur heyrir undir einn yfirflokk og skiptist loks í nokkrar verðbréfagerðir. Sérundirflokkur fyrir hverja tegund verðbréfa. Þ.e.a.s. hlutabréf og skuldabréf geta ekki tengst sama undirflokki. Bókhaldslyklar stilltir í flestum undirflokkum.
4. ***Verðbréfagerð*** → Neðsta lag flokkunarinnar sem verðbréfin sjálf tengjast við. Skuldabréf sem eru sömu gerðar eins og sjóðfélagabréf geta verið mis áhættusöm eftir því hvar fasteign, sem tekið er veð í, er staðsett á landinu og verið þar af leiðandi í mismunandi áhættuflokkum.

Verðbréfagerðir



Í valmyndatrénu í Jóakim er hægt að skoða flettilista með þeim verðbréfagerðum sem skráðar eru hjá sjóðnum. Hver flettilisti lítur eins út fyrir hverja tegund verðbréfa. Flettilistinn sýnir einkenni og heiti verðbréfagerðarinnar, hvaða undirflokk gerðin heyrir undir og svo hvaða stýringu verðbréfagerðin tengist ef hún tengist stýringu (þarf ekki endilega). Myndin sýnir flettilistann sem birtist ef *Verðbréfagerðir – Skuldabréf* er valið:



Hægt er að skoða hverja verðbréfagerð nánar með því að ýta á hægri enter eða . Lítur eins út hvort sem verið er að skoða fyrir t.d. skuldabréf eða hlutabréf –efst sést af hvaða tegund gerðin er:



Hér getur notandinn fest gerðina við ákveðinn umsjónarstað, geymslustað og áhættuflokk en það er gert til að flýta fyrir skráningu á verðbréfaviðskiptum. Ekki er hægt að eyða verðbréfagerð sem hefur verið notuð. Ef ekki á að vera hægt að nota verðbréfagerðina skal loka henni með því að setja hak við *Lokað*. Benda skal á að sjóður viðhaldi listanum og loki þeim gerðum sem ekki eru lengur í notkun til að auðvelda leit og notkun listans. Alltaf hægt að opna aftur.

Notandi getur einnig sigtað úr flettilistanum m.v. ákveðnar valforsendur með því að ýta á **F4** eða .
Getur þá einnig valir fleiri tegundir verðbréfa í sama listann ef áhugi er.



Notið hjálpina ( ) til að fá nánari útskýringu á hverju innsláttarsvæði fyrir sig.

Undirflokkar

Undirflokkarnir eru miðlagið í flokkuninni. Bókhaldslyklarnir eru skilgreindir í undirflokkunum *nema* í undirflokki skuldabréfa og innlánsreikninga en þar eru það bókhaldaaðferðirnar sem geyma lyklauppsetningu. Sami flettilistinn birtist við allar tegundir undirflokka. Flettilistinn sýnir heiti flokksins, hvaða yfirflokk hann tengist.



Myndin sýnir flettilistann sem birtist ef *Undirflokkar – Skuldabréf* er valið:



Notandi getur sigtað úr flettilistanum m.v. ákveðnar valforsendur með því að ýta á **F4** eða :



Hægt er að skoða hvern undirflokk með því að ýta á eða enter takka á talna-lyklaborði til að sjá hvaða bókhaldslyklar eru stilltir..

Undirflokkar – Skuldabréf / Innlánsreikningar

Eins og fyrir aðra undirflokka þarf að tilgreina lýsandi heiti og stuttheiti og þann yfirflokk sem undirflokkurinn tilheyrir. Skuldabréf og innlánsreikningar geta bókast á marga bókhaldslykla eftir því hvers konar hreyfing um er að ræða (kaup/sala/ afborgun) og eftir nafnverði, verðbótum, vöxtum o.fl. Bókunaraðferð er listi af bókhaldslyklum sem sundurliða verðbréfahreyfingu niður á nafnverð, verðbætur, vexti o.fl. Þegar bókhaldsuppgjör er keyrt þá eru allar sjóðshreyfingar verðbréfa í undirflokknum frá síðasta uppgjöri færðar á bókhaldslykla sem tilgreindir eru í bókunaraðferðum sjóðstreymis. Í uppgjörinu eru einnig öll skuldabréf/innl.reikningar núvirt og breytingar á núvirðingu frá síðasta uppgjöri eignfærast og tekjufærast á þá bókhaldslykla sem tilgreindir eru í bókunaraðferðum núvirðinga.



- Í undirflokkum skuldabréfa og innlánsreikninga eru bókunaraðferðir notaðar.
- Til að velja rétta bókunaraðferð þarf að ýta á F7 til að fá upp lista yfir bókunaraðferðir.
- Á bak við hverja bókunaraðferð liggja bókhaldslyklarnir!!
- Ekki hægt að eyða undirflokki honum verður að loka með því að setja hak við Lokað. Alltaf hægt að opna aftur!

Undirflokkar – Hlutabréf / Hlutdeildarsk. / Framvirkir samningar

Eins og fyrir aðra undirflokka þarf að tilgreina lýsandi heiti og stuttheiti og þann yfirflokk sem undirflokkurinn tilheyrir. Hérna eru bókhaldslyklarnir skilgreindir bæði fyrir fjárhagsbókhald og sjóðstreymisbókhald. Til að fá upp listann með bókhaldslyklunum þarf að ýta á F7. Ef loka á undirflokknum skal setja hak við Lokað – alltaf hægt að opna aftur. (hlutabréf og hlutd.skírt.lítur alveg eins út)



Undirflokkar peningareikninga

Í undirflokkum peningareikninga eru <u>engir</u> bókhaldslyklar skilgreindir þeir eru skilgreindir um leið og peningareikningur er stofnaður. Hægt að loka og opna aftur eins og með hina undirflokkana.



Yfirflokkar

Yfirflokkur er efsta lagið í flokkunartrénu (fyrir utan bókhaldsuppgjörshlutann). Í einum yfirflokki er hægt að setja undirflokka mismunandi tegunda verðbréfa saman. Þannig er hægt að flokka saman í yfirflokk undirflokk hlutabréfa og undirflokk skuldabréfa.



Flettilistinn sýnir heiti yfirflokks og hvaða uppgjörshlut hann tengist.

- Ekki er hægt að eyða yfirflokk sem hefur verið notaður. Honum verður að loka. Alltaf hægt að opna aftur!
- Algengast er að verðbréfakerfið sé haft í sér uppgjörshlut.

Hægt er að skoða hvern undirflokk með því að ýta á eða enter takka á talnalyklaborði.

Bókhaldsuppgjörshlutar

Flettilisti yfir þá bókhaldsuppgjörshluti sem eru skráðir. Ekki er hægt að eyða bókhaldsuppgjörshlut af listanum, honum verður að loka ef hann á ekki að vera aðgengilegur. Hægt er að stilla leyfilega viðskiptadagssetningu. Gott er að hafa ekki of rúmt tímabil til að minnka áhættuna á skráningarmistökum.



,,Viðskipti eru utan leyfilegra marka“.

Ef notandi lendir í því að fá þessi villuskilaboð í Villuprófun/uppfærsla er móttökudagssetning fylgiskjalsins utan þess leyfilegs viðskiptadagssetningartímabils sem hér er stillt.



Ef sett er hak við *Læst (loka fyrir uppfærslu gagna),* er fyrst og fremst hugsað fyrir iðgjaldakerfið en er einnig nothæft fyrir verðbréfakerfið, þá er ekki hægt að uppfæra nein fylgiskjöl meðan bókhaldsuppgjörið er að keyra.

Uppfærslur

Undir verkliðnum uppfærslur eru ýmsar aðgerðir sem framkvæma þarf reglulega í verðbréfakerfinu.



Til dæmis:

- *Uppfærsla greiðslna út bankainnheimtu*
- *Bókhaldsuppgjör*
- *Sjálfvirk seðlabankaflokkun*
- *FME skýrsla*
- *FME skuldbindingaskrá*

Hér er einnig að finna flettilista með þeim runuvinnslum sem eru í gangi hjá sjóðnum.

Villuprófun og uppfærsla



Þó hægt sé að setja villuprófun og uppfærslu verðbréfaviðskipta af stað hér er sá möguleiki sjaldan notaður. Þessi liður er fyrst og fremst valinn í öðrum aðgerðum (F5) í *Skráningu verðbréfaviðskipta*.

Í villuprófun fer Jóakim yfir skráninguna á verðbréfahreyfingum í viðskiptunum. Skuldabréf eru núvirt m.v. kaupávöxtunarkröfuna og ef útkoman er ekki sú sama og skráð kaupverð kemur athugasemd ef mismunurinn er utan marka (stillt í *Verðbréfaeigendur*) en kerfið skilar villu ef munurinn er meira en sú % af kaupverði sem stýringin segir til um hjá hverri stofnun fyrir sig. Eins er athugað hvort gleymst hafi að skrá veð fyrir veðskuldabréfagerð o.fl.
Ef einhverjar villur koma upp þarf að laga skráninguna og villuprófa aftur. Ýmist er hægt að villuprófa öll opin viðskipti í einu eða tilgreina sérstaklega hver viðskipti fyrir sig.

- Viðskipti uppfærast ekki nema þau séu villulaus.
- Hægt er að uppfæra viðskipti þó svo villuprófunin hafi skilað athugasemd.
- Þegar villuprófun er lokið kemur niðurstöðuskýrsla upp á skjáinn. Í henni birtast villumeldingar og/eða athugasemdir ef þær eru einhverjar.
- Villur eru merktar með * fyrir framan en athugasemdir ekki.
- Skoðið athugasemdir því vel og bregðist við ef þörf er á.
- Þegar viðskipti uppfærast verða hreyfingarnar sem eru í þeim virkar í kerfinu og eru teknar með í næsta bókhaldsuppgjöri.

Uppfærsla greiðslna úr bankainnheimtu

Jóakim kerfið fær sent daglega afrit af skuldabréfagögnum verðbréfaeigenda eins og þau eru geymd hjá Reiknistofu bankanna (RB) eða öðrum innheimtustofnunum sem nota Libra kerfið. Þessi gögn eru sett í sérstakan hliðargagnagrunn í Jóakim. Gögnin eru notuð til uppflettingar en einnig er hægt að færa upplýsingar um greiðslur gjalddaga sjálfvirkt úr gagnagrunninum inn í Jóakim þ.a. ekki þarf að skrá handvirkt greiðslur af skuldabréfum sem eru í bankainnheimtu – t.d. greiðslur sjóðfélagalána.



Notandi setur af stað vinnslu sem gerir þetta – *Uppfærsla greiðslna úr bankainnheimtu*. Vinnslan skráir og uppfærir sjálfvirkt viðskipti fyrir hverja greiðslu, þar sem annars vegar er skráð innborgun á reikning og hins vegar greiðsla gjalddaga. Þessi vinnsla er höfð á runuvinnslu sem keyrir daglega.
Ef greiðslunni úr innlestrinum og útreikningi Jóakims ber ekki saman fer greiðslan á villulista og uppfærist ekki inn í Jóakim. Skýrslan sundurliðar mismuninn niður í nafnverð, verðbætur, vexti og dráttarvexti. Til að skoða betur hvað valdi mismuninum er best að skoða greiðsluna og skuldabréfið í bankaupplýsingunum og bera það saman við skuldabréfið í Jóakim. Athugið sérstaklega hvernig eldri innáborganir hafa ráðstafast ef um slíkar er að ræða. Ef ástæðan fyrir mismuninum eru skráningarmistök í Jóakim eða vitleysa í grunnupplýsingum þá verður að laga það og setja keyrsluna af stað aftur. Ef mismunurinn er vegna mistaka hjá bankanum verður að hafa samband við bankann og bíða annaðhvort eftir því að hann bakfærir greiðsluna og sendi nýja greiðslu eða greiðslan er hleypt í gegn með mismun. Einnig er hægt að handfæra greiðsluna og loka á greiðsluna frá bankainnheimtunni í staðinn en þá er best að senda beiðni á þjónustufulltrúa kerfisins um að loka.

Hægt er að velja um að keyra inn greiðslur úr hverjum banka fyrir sig, ákveðnum lánum eða fram að valinni greiðsludagssetningu (ef svæðið er autt er notaður dagurinn sem keyrslan er keyrð inn í Jóakim). Einnig er hægt að velja um að nota valideringardagssetningu hjá banka sem viðskiptadagsetningu í Jóakim (merkja þá '*x*') en annars er hreyfingardagssetning bankans notuð, velja greiðslur eftir samtöluflokki og að fá fram lista yfir þær greiðslur sem fara inn.
Ef hleypa á greiðslu í gegn með mismun þá þarf að tilgreina nákvæmlega hvaða bréf það er, með því að skrá banka, skuldabréfanúmer, gjalddaga og upphæð mismunar. Samþykkja myndina til að setja keyrsluna af stað.

Bókhaldsuppgjör

Bókhaldsuppgjör tekur saman allar uppfærðar hreyfingar verðbréfa frá síðasta uppgjöri til uppgjörsdags og færir á bókhaldslykla. Bókhaldarinn fær svo upp bókunarskýrslu þar sem samtölur allra hreyfinganna hafa verið teknar saman í samtölur niður á hvern bókhaldslykil sem hann skráir síðan í bókhaldið. Bókhaldslyklar eru tengdir flokkunarkerfi verðbréfa þ.a. öll verðbréf sem eru í sama undirflokk eru bókuð á sömu lyklana í bókhaldi. Undantekning eru peningareikningar þar sem bókhaldslyklarnir eru færðir beint á þá.
Sjóðum er í sjálfsvald sett hve ítarlega þeir vilja bóka verðbréfahreyfingar og er kerfið mjög sveigjanlegt að því leiti. Þegar uppgjör er keyrt eru allar fjárhagslegar hreyfingar eða sjóðshreyfingar (t.d. skuldabréfakaup og greiðslur) frá síðasta uppgjöri færðar niður á bókhaldslykla.
Eign og tekjum hlutdeildarsjóða er breytt í samræmi við gengi sjóðanna á uppgjörsdegi. Eign og tekjur hlutabréfa breytist einnig miðað við gengi eða framreiknað kostnaðarverð á uppgjörsdegi (eftir því hvort er stillt í skilmálum hlutabréfa). Uppgjörið fer alltaf yfir allar hreyfingar sem gerðust fyrir viðmiðunardagssetninguna. Ef gleymst hefði að skrá viðskipti sem áttu sér stað fyrir 2-3 mánuðum þá kæmi sú hreyfing ekki fram á listum yfir hreyfingar síðasta mánuð en uppgjörsforritið finnur út að hreyfingin er ekki á síðasta uppgjöri og bókfærir hana.

Flettilisti yfir bókhaldsuppgjör sem búið er að keyra:



Viðm.dags	Uppgj.hlut	Keyrslutími	Lýsing	Staða	Tb
01.10.2013	Verðbréf	2017-10-25 14:59	Verðbréf - Ágúst/September		
01.07.2013	Verðbréf	2013-07-31 13:06	test	✓	
01.02.2013	Verðbréf	2013-07-15 08:50	Verðbréf Janúar 2013	✓	
01.01.2013	Verðbréf	2013-07-15 08:39	Verðbréf Desember 2012	✓	🔒
01.12.2012	Verðbréf	2013-05-27 14:52	Verðbréf Nóvember 2012 - II	✓	
01.12.2012	Verðbréf	2013-05-27 11:34	Verðbréf - Nóvember 2012	✓	
01.11.2012	Verðbréf	2013-05-27 11:29	Verðbréf - Október 2012	✓	
01.10.2012	Verðbréf	2013-05-26 14:07	Verðbréf - Sept 2012	✓	
01.09.2012	Verðbréf	2013-05-26 14:06	Verðbréf - Ágúst 2012	✓	
01.08.2012	Verðbréf	2013-05-24 16:49	Verðbréf - júlí 2012	✓	
01.07.2012	Verðbréf	2013-05-24 16:47	Verðbréf / jan - júní 2012	✓	
01.01.2012	Verðbréf	2013-05-24 16:34	Verðbréf - árslok 2011	✓	
01.01.2011	Verðbréf	2011-10-17 14:11	Verðbréf - lok 2010	✓	
01.01.2008	Verðbréf	2011-10-06 13:30	Bókhaldsuppgjör 2007	✓	
01.01.2007	Verðbréf	2008-05-07 22:58	Lok 2006	✓	
01.02.2006	Verðbréf	2007-03-08 22:03	Uppgjör lok jan 2006	✓	🔒
01.01.2006	Verðbréf	2007-03-08 22:00	Uppgjör lok 2005	✓	

- Bókhaldsuppgjörinu er skipt í tvo hluta, annarsvegar fjárhagsbókhald og hinsvegar sjóðstreymisbókhald.
- Til að fá upp skýrslu með öllum bókhaldshreyfingum uppgjörsins skal ýta á F5 og velja *Bókhaldshreyfingar* eða ýta á hnappinn sem er neðstur á skjámyndinni..
- Fjárhagsbókhaldsfærslurnar koma sér og sjóðsstreymisfærslurnar koma sér í bókhaldsskýrslunni.
- Öll skuldabréf núvirt miðað við kaupávöxtunarkröfu og breytingar á eignarstöðunni frá síðasta uppgjöri, eins og áfallnir vextir, verðbætur og afföll eru bæði eignfærðar og tekjufærðar. Þetta er gert við hvert uppgjör þannig að fjárhagsbókhaldið sýnir ávallt rétta eignastöðu verðbréfasafnsins en ekki bara um áramót eins og var algengt.
- Athugið að tekjur verðbréfa samanstanda af áföllnum vöxtum, verðbótum, afföllum og dráttarvöxtum.

Sjá dæmi um skýrslu:



Að ganga frá uppgjöri eða endurkeyra

Þegar notandi er að fara yfir uppgjörið og þarf að keyra aftur einhverra hluta vegna getur hann gert það á tvenna vegu. Annars vegar eytt uppgjörinu úr flettilistanum með því að ýta á Delete takka eða ✕ eða farð inn í uppgjörið með tap/hægri enter/ ⏎ og sett ´x´ við svæðið *Endurkeyra* og staðfest valmyndina. Þegar gengið hefur verið úr skugga um að uppgjörið sé rétt þarf að loka uppgjörinu með því að setja ‘x’ við *Ganga frá uppgjöri*.



Að setja nýtt uppgjör af stað

Til að setja uppgjör af stað er ýtt á Insert eða ☐ í flettilistanum. Það þarf að skrá viðmiðunar-dagssetningu og skýringartexta (*Lýsing*). Viðmiðunardagssetningin er alltaf 1.hvers mánaðar. Þ.a.l. ef keyra á uppgjör fyrir október þarf að hafa viðmiðunardagssetninguna 1. nóvember. Bókhaldsuppgjör fyrir verðbréfakerfi er keyrt aðskilið frá iðgjöldum þ.a.l. er til uppgjörshlutur sem heitir *Verðbréf* og birtist hann sjálfgefinn því að notandinn er staddur í verðbréfakerfinu. Til að fá upp lista yfir uppgjörshluti þarf að ýta á F7.



Hægt er að keyra bókhaldsuppgjör í runuvinnslu sem er ráðlegt fyrir stærri aðila þar sem um langa og þunga vinnslu er að ræða. Hægt er að láta Jóakim ganga frá uppgjörinu strax eftir keyrslu með því að setja '*x*' í *Ganga frá uppgjöri.* Þá er uppgjörið endanlegt og ekki hægt að gera neinar breytingar á þessu tiltekna uppgjöri ef villur finnast. Ef það er valið að ganga ekki frá uppgjöri þá er hægt að keyra uppgjörið aftur ef uppgjörið er ekki rétt. Ef einhverjar villur koma í ljós sem talið er nauðsynlegt að lagfæra þá eru þær lagfærðar og uppgjörið keyrt aftur.

- Ef uppgjöri er læst ('*x*' sett í *Læsa tímabil*) þá munu breytingar sem gerðar eru á bókhaldslyklum eftir það uppgjör hafa eingöngu áhrif á þær tölur sem hafa færst eftir læsta uppgjörinu!!!
- Ekki er hægt að eyða bókhaldsuppgjöri ef búið er að keyra FME skýrslu ofan á uppgjörið.
- Ef opna þarf uppgjör sem hefur verið gengið frá er hægt að velja uppgjörið og ýta á F5 fyrir aðrar aðgerðir og velja þar aðgerð nr.2



Mínar runuvinnslur

Flettilisti sem sýnir þær runuvinnslur sem eru á áætlun. Fram kemur hver byrjunartími vinnslunnar er, áætlaður keyrslutími, hvort vinnslan sé háð annarri vinnslu (keðjumerkið), hversu oft vinnslan sé endurtekin og hvaða notandi setti vinnsluna í gang. Hægt er að eyða eigin runuvinnslu með því að ýta á Delete eða ✕. Notandi getur ekki eytt runuvinnslu sem annar notandi hefur sett í gang.

Hægt er að ýta á **F4** eða 🔭 og fá upp valforsendumynd (sjá næstu síðu):



Hér er hægt að sigta út ákveðnar runuvinnslur. Ef notandi vill t.d. sjá runuvinnslur sem hafa hrunið setur hann hak í viðeigandi reit.

Farið er nánar í runuvinnslur í notendaviðmótshandbókinni.

Móttaka verðbréfaviðskipta

Það eru nokkur verðbréfafyrirtæki og bankar sem geta sent viðskipti sem þau gera fyrir sjóðinn rafrænt inn í Jóakim. Þá sendir fyrirtækið/bankinn einu sinni eða oftar á dag skeyti úr verðbréfaafgreiðslu kerfinu sínu sem lendir svo í sérstakri móttökuskrá í Jóakim. Til að lesa út úr þessari móttökuskrá og stofna viðskipti inn í Jóakim er farið í verkliðinn *Móttaka verðbréfaviðskipta*. Þegar sá verkliður er valinn kemur upp flettilisti með öllum þeim skeytum sem eru *óafgreidd*. Tómur listi þýðir að ekkert er í móttökunni.



- Til að afgreiða skeyti er ýtt á **F5**.
- Hægt er að afgreiða einstök skeyti, öll eða merkja ákveðinn hóp skeyta sem á að afgreiða með **F6**.
- Hægt er að eyða skeytum t.d. ef búið var að handskrá færsluna með því að ýta á **Delete** á þeirri línu.
- Hægt er að velja um þrjár mismunandi afgreiðslur.
    - 1. Afgreiða allar móttökurnar sem eru í listanum.
    - 2. Afgreiða aðeins þær sem lýstar hafa verið rauðar með **F6**.

- 3. Afgreiða einungis þá móttöku sem valin var þegar ýtt var á **F5**.
- Einnig er hægt að skoða yfirlit yfir sendinguna (4.).
- Aðgerð nr.5 á ekki við um verðbréfakerfið.
- Aðgerð nr.6 – *Breyta stöðu móttöku í ófrág.* Þennan lið gæti þurft að nota í þeim tilfellum þegar móttaka hefur verið afgreidd og ekki rétt. Þá fær hún stöðuna *afgreidd.* Til að móttaka hana aftur þá þarf fyrst að framkvæma þessa aðgerð.

Þegar notandi framkvæmir afgreiðslu móttöku fer í gang vinnsla í Jóakim sem stofnar fylgiskjal og færslur inn í skráningu verðbréfaviðskipta. Þegar notandi móttekur kemur Jóakim með skýrslu yfir hvernig móttakan tókst.

<u>Afgreiðsluvalmyndin:</u>
Hér þarf að fylla út fylgiskjalaflokk ekki – bunka! Best er að hafa móttökudagssetninguna tóma því að þá verður móttökudagssetning fylgiskjalsins sú sama og í móttökuskránni. Notandinn þarf svo að fara inn í *Skráning verðbréfaviðskipta* og uppfæra viðskiptin þar.



Útreikningur verðbréfa

Til að hægt sé að nota verðbréfagreiningarskýrsluna þá þarf að reikna fyrirfram verð á verðbréfum – þ.e.a.s. keyra þessa vinnslu fyrst! Þessi vinnsla er einnig fyrir þá sem eru að keyra gögn yfir í SQL gagnagrunn til frekari vinnslu gagna.



Hægt er að velja einstakar tegundir verðbréfa (t.d. hlutabréf) ef eingöngu er verið að vinna áhættugreiningu fyrir þau. Síðan þarf að velja tímabilið sem á að reikna og svo velja tímabilastökkin og hvort uppfæra eigi eldri gögn. Ef þessi nákvæmlega sama vinnsla hefur verið gerð áður og þarf að gera aftur og leiðrétta hina skal setja '*x*' í '*Uppfæra eldri gögn.*' Einnig þarf notandi að velja verðmatsaðferð en Jóakim velur sjálfkrafa bókhaldsverðmat með niðurfærslu.

Setja á runuvinnslu – getur verið mjög tímafrek vinnsla !!!!!

Sjálfvirk seðlabankaflokkun

Í lok ársins 2015 kom fram ný skýrsla sem lífeyrissjóðir þurfa að standa skil á til Seðlabanka Íslands. Fyrir þessa skýrslu þurfa bréfin að vera flokkuð eftir ákveðnum reglum Seðlabankans. Í fyrirmælum frá Seðlabanka eru all flóknar reglur um flokkun í atvinnugreinar skv. rekstrarformi, ISAT númerum og sérstökum kennitölulistum frá Seðlabankanum þegar um innlenda hlutdeildarsjóði og fjármálafyrirtæki er að ræða. Hægt er að láta kerfið keyra sjálfvirka flokkun en hafa skal í huga að það getur gerst að kerfið nái ekki að flokka eitthvað ákveðið verðbréf sjálfvirkt þar sem ekki eru til staðar upplýsingar um atvinnugrein. Þetta á einkum við erlend fyritæki en einnig eru dæmi þess að ekki séu til upplýsngar um innlenda aðila.



Það þarf að keyra þessa uppfærslu áður en skýrslan Eignir og mynt er keyrð (sem notuð er til úrvinnslu skýrslunnar til SÍ) til að það komi flokkun á þau nýju bréf sem hafa e.t.v. verið skráð inn í kerfið frá síðustu skýrsluskilum.
Þegar búið er að keyra vinnsluna kemur upp skýrsla og listast þá upp þau verðbréf sem EKKI náðist að flokka sjálfvirkt. Í þeim tilfellum er annaðhvort hægt að senda tölvupóst á aðstoðina Rekstraraðila og biðja um að sett séu inn ISAT númer fyrir tilteknar kennitölur eða farið inn í verðbréfið og skráð flokkinn. Það sama á við ef breyta á flokkuninni sem kerfið stakk upp á.

Það eru tvær seðlabankaflokkunartegundir:

- Yfirflokkkur Seðlabanka
- Atvinnugreinaflokkun Seðlabanka

Taka skal fram að hægt er að velja ákveðna tegund verðbréfa sem keyra á fyrir flokkun eða hreinlega ákveðna verðbréfagerð.

FME skýrsla

Hægt er að keyra og senda beint skýrslu um sundurliðun fjárfestinga lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar til Fjármálaeftirlitsins í gegnum þennan verklið. Skýrslan ber heitið *Sundurliðun fjárfestinga lífeyrissjóða og vörsluaðila – seinni hluti.* Skýrslunni ber að skila ársfjórðungslega, samhliða núverandi skýrslu um sundurliðun fjárfestinga. Þegar verkliðurinn er valinn birtist flettilisti yfir þær skýrslur sem búið er að keyra og senda inn:



Til að setja vinnsluna í gang þarf að ýta á Insert eða :



Velja þarf bókhaldsuppgjör og skrá inn lýsandi lýsingu á skýrslu. Gott að vísa í tímabilið sem verið er að skila fyrir. Ekki þykir nauðsynlegt að setja þessa vinnslu á runnuvinnslu þar sem þetta er ekki tímafrek vinnsla. Það sem Jóakim gerir er að forritið keyrir í gegnum verðbréfasafnið m.v. valið uppgjör og tekur m.a. saman upplýsingar um kennitölu og nafn útgefanda verðbréfa, kennitölu og nafn rekstraraðila, ISIN-númer verðbréfa, auðkenni verðbréfa á markaði ef verðbréfin eru skráð, sýnir í hvaða FME flokkun bréfið er í og bókfært verð í ISK ásamt MIKLIU fleiri upplsýsingum!! Passa þarf þegar skýrslan er sett af stað er að haka EKKI við *Ganga endanlega frá skýrslu* ef þið viljið geta breytt eða handskráð inn viðbótarupplýsingum.

- Munið að þegar skýrslan er orðin endanleg er hægt að senda þó svo ekki sé búið að ganga frá henni.
- Munið að þegar gengið hefur verið frá skýrslu er ekki hægt að framkvæma breytingar á henni nema opna hana aftur.
- Munið að þegar skýrslan er endanleg og það á að ganga frá, að haka EKKI við *Endurkeyra skýrslu.*

- Þegar búið er að keyra skýrsluna og fara yfir og gera þær breytingar sem þarf að gera er hægt að láta Jóakim senda skýrsluna beint til FME.

Aðrar aðgerðir (**F5**)í FME skýrsla:



1. Skoða / Breyta sundurliðunarfærslum

Hægt er að skoða færslurnar sem kerfið bjó til og fara inn til að breyta ef þarf einhverjum upplýsingum eða bæta við. Til að breyta færslu er farið inn í línuna með hægri entertakka, tap eða .





Athugið að ef upphæðum er breytt þá sitja þær breytingar inni jafnvel þó að skýrslan sé endurkeyrð !!!

2. Handskrá sundurliðunarfærslur

Hægt er að handskrá inn ákveðnar færslur í skýrsluna. Það gætu verið eignir sem ekki er haldið utan um inn í Jóakim en þó hægt að senda með skýrslunni til FME. Til að handskrá færslu er þessi liður valinn en þá birtist listi yfir handfærðar færslur. Ef listinn er tómur er engin handskráð færsla til staðar. Til að nýskrá færslu þarf að ýta á Insert eða 🗋.





Athugið að í einingar/nafnverð fyrir bankareikninga skal færa sömu upphæð og í upphæð í gjaldmiðli. Athugið einnig að fyrir verðtryggð skuldabréf skal setja inn verðbættan höfuðstól (nafnverð + verðbætur á nafnverð) í einingar/nafnverð.

3. FME skýrsla

Hérna er skýrslan kölluð fram þar sem fram kemur hluti af þeim upplýsingum sem sent er til FME. Hægt er að raða og sundurliða á ýmsa vegu.



Þeir dálkar sem birtast eru: Verðbréfagerð og einkeni, kennitala og nafn útgefanda, kennitala og heiti rekstraraðila, ISIN númer, auðkenni, FME flokkur, upplýsingar um skráningu, meðallíftími, einingafjöldi/nafnverðseftirstöðvar, gengi pr.einingu, einkenni gjaldmiðils, gjaldmiðlagengi, bókfært-/markaðsverð ásamt heildarverðmæti ef það er til staðar.

4. Útlestur FME sundurliðurnarskýrslu

Notað til að varpa skýrslunni í EXCEL og sjá þá ALLA dálka skýrslunnar sem sendir eru til FME.



5. Senda FME skýrslu

Þegar valið er að senda skýrslu til FME kemur upp innsláttarmynd þar sem hægt er að velja að senda inn í gegnum vefþjónustu með notendanafni og lykilorði eða sem XML skrá fyrir nýja skilakerfið hjá FME – NOTA ÞAÐ ! Einnig er hægt að skoða flipann *Mögulegar villur og athugasemdir* til að athuga hvort það sé eitthvað sem vert er að skoða og jafnvel lagfæra áður en skýrslan er send til FME.



FME flokkur		Fj.	Bókfært verð	Nafnávxt.
01	Innlán	9	-10.291.555.952	-1,97
02	Ríkisvíxlar og -skuldabréf	38	1.610.784.524	5,05
03	Skuldabréf sveitarfélaga	3	351.809.572	5,25
04	Skuldabréf og víxlar lánastofnana	2	548.910.997	4,07
05	Fasteignaveðtryggð skuldabréf	25	157.528.071	5,45
06	Hlutdeildarskírteini og hlutir (l. nr. 30/2003)	2	3.907.440	-1,24
07	Hlutdeildarskírteini og hlutir	11	1.693.915.396	3,92
08	Hlutabréf	25	10.332.994.263	17,17
11	Önnur verðbréf	14	-2.369.130.208	-12,38
	SAMTALS	**129**	**2.039.164.104**	



Þarna skal gefa upp sama lykilorð og lífeyrissjóðirnir hafa þegar fengið að skilakerfi FME.

6. Svarskeyti frá FME

Hægt er að kalla fram svarskeyti frá FME þar sem fram kemur listi yfir allar sendingar. Fram kemur hver sendi og hvenær og hvort að hún hafi skilað sér.



Dæmi um skilaboð þar sem að skýrsla fékk villu og varð ekki send (Teng ✔ Send ✘):



7. Opna skýrslu

Notandi getur opnað aftur skýrslu sem var búið að ganga frá því stundum gerist það að gera þarf leiðréttingu eftir að FME skýrslu var lokað og ekki búið að senda inn.



FME skuldbindingaskrá – skil

Fyrir þá lífeyrissjóði sem eru með yfir 10 milljarða fasteignalána til neytenda er komin skilaskylda á svokallaða skuldbindingaskrá sem senda þarf til FME og er hægt að gera það beint í gegnum þennan verklið. Hér er stofnuð skýrsla sem er tengd við bókhaldsuppgjör sem staða skýrslunnar miðar við.



Uppgjör	Keyrslutími	Lýsing	Deild	Staða
01.01.2022	2022-01-20 10:59:46	Uppgjör 01.01.2022		✓
01.12.2021	2021-12-20 09:41:15	Uppgjör 01.12.2021		✓
01.11.2021	2021-11-17 13:11:18	Uppgjör 01.11.2021		✓
01.10.2021	2021-10-19 08:26:58	Uppgjör 01.10.2021		✓
01.09.2021	2021-09-20 07:58:56	Uppgjör 01.09.2021		✓
01.08.2021	2021-08-18 14:41:55	Uppgjör 01.08.2021		✓
01.07.2021	2021-07-19 08:42:08	Uppgjör 01.07.2021		✓

Til að stofna nýja skrá/skýrslu er ýtt á Insert. Tilgreina þarf viðmiðunaruppgjör og setja lýsandi heiti:



Svo skal staðfesta. Það tekur smá stund að stofna/keyra skýrsluna því hún tekur saman upplýsingar úr uppgjörum. Að lokum kemur upp niðurstöðuskýrsla sem sýnir samtölu færslna og athugasemdir ef einhverjar eru. Svo er hægt að vinna með skýrsluna meðan hún er ófrágengin. Hægt er að skoða og breyta sundurliðunarfærslum og þegar skýrslan er tilbúin er hún send til FME. Til að fá upp listann yfir aðgerðir skal ýta á F5.



1. Skoða/Breyta sundurliðunarfærslum

Þegar þessi aðgerð er valin opnast tafla með öllum færslunum. Til að skoða eða breyta færslu er farið inn í línuna með hægri entertakka eða tap lykli.

2. Útlestur FME skuldbindingaskýrslu

Notað til að varpa skýrslunni í EXCEL og sjá þá ALLA dálka skýrslunnar sem sendir eru til FME.

3. Senda FME skýrslu

Þegar valið er að senda skýrslu til FME kemur upp innsláttarmynd þar sem óskað er eftir notendanafni og lykilorði. Ef sending tekst án athugasemda er hér hægt að setja hak við *Loka skýrslu ef sending tekst*. Eftir að skýrslu er lokað er ekki hægt að breyta neinu NEMA hún sé opnuð aftur sérstakslega (aðgerð nr.4). Notast skal við að senda sem XML skrá fyrir skilakerfi.



4. Svarskeyti frá FME

Hægt er að kalla fram svarskeyti frá FME þar sem fram kemur listi yfir allar sendingar. Fram kemur hver sendi og hvenær og hvort að hún hafi skilað sér.



Dæmi um villuskilaboð:



Opna skýrslu

Notandi getur opnað aftur skýrslu sem var búið að ganga frá því stundum gerist það að gera þarf leiðréttingu eftir að skýrslu var lokað og ekki búið að senda inn.



Útlestur verðbréfa



Öllum útlestrarvinnslum er flokkað saman undir möppuna *Útlestur verðbréfa*. Notandi getur valið á milli sex mismunandi útlestrarforma. Niðurstaðan kemur í formi skýrslu þar sem dálkar eru aðgreindir með merki (t.d. semikommu) á milli atriða/dálka og hægt er að láta Jóakim sýna titil dálka með því að setja hak í viðeigandi reit í valforsendum. Hægt er að varpa útlestrinum á auðveldan hátt yfir í t.d. Excel og skipta niðurstöðunum þar upp í dálka og halda áfram þar með úrvinnslu gagnanna.

Útlestur verðbréfa

Vinnsla þar sem hægt er að velja og lesa út nákvæmlega þær upplýsingar um verðbréf sem notandi óskar eftir til að varpa inn í Excel eða annað forrit fyrir frekari úrvinnslu. Hér má helst nefna að hægt er að velja um ákveðnar tegundir verðbréfa ef ekki á aða velja allar. Í útlestrarforminu skal raða tölustöfum í þau atriði sem eiga koma fram og þá í hvaða röð þau eiga birtast og muna setja hak við *Sýna titil dálka*. Hægt er að vista allar uppsetningar á auðveldan hátt. Muna þarf bara að fylla út formið og fara svo upp í uppsetning og skrifa þar beint hvað uppsetning á heita og ýta svo á hnappinn *Vista uppsetningu.* Hægt er að fá niðurstöðuskýrsluna beint upp á skjá að lokinni keyrslu eða í úttaksskrá sem vistast þá á svæði notandans undir *Skráarsýsl.* Þá ber helst að varast að notast við íslenska stafi í úttaksskráarheitinu !

Valforsendumyndin:

Hér má sjá dæmi þar sem kalla á fram útlestur eingöngu fyrir hlutabréf. Viðmiðunardagssetningin er 1.3.2016, semikomma valin sem merki milli atriða og hakað er við að sýna titil dálkanna. Svo er búið að raða hvað á að birtast með tölustöfunum frá 1-12 (hægt að hafa færri og fleiri). Nú er hægt að sækja upphæðir í uppgjör, reikna miðað við uppgjörsaðferðir sjóðsins eða reikna allt m.v. ákveðna verðmarsaðferð.





Þegar notandi hefur fyllt út valforsendur og staðfest án þess að fylla út í úttaksskrá birtist skilaboð sem segir að skráin verði birt í skýrslu (þ.e.a.s. beint upp á skjá) sem notandi þarf að samþykkja:



Þegar notandinn velur *Já* þá birtast niðurstöðurnar í formi skýrslu sem hægt er síðan að varpa beint yfir í Excel. Eins og sjá má er skýrslan ekkert mjög skiljanleg svona en þetta form er fyrst og fremst hugsað til frekari úrvinnslu.



Til að varpa skýrslunni yfir í Excel þá þarf að ýta á :

Excel sér um að skipta skýrslunni upp í dálka:



Gerð	Einkenni	FME fl.nr.	FME flokk.	Markaður	Isin nr.	ISAT	Rekstarform	M.flokk.	Nafnverð	Mark.verð	M.gengi
ACT	3419	8	Hlutabréf	Kauphöll Íslands Aðallisti	IS0000000420	46460	D Einkahlutafélag	ACT HL	325.760,47	28.080.552,00	86,20000
ACT	4619	8	Hlutabréf	Kauphöll Íslands Aðallisti	IS0000000420	46460	D Einkahlutafélag	ACT HL	129.895,37	11.196.981,00	86,20000
ACT	4629	8	Hlutabréf	Kauphöll Íslands Aðallisti	IS0000000420	46460	D Einkahlutafélag	ACT HL	290.000,00	24.998.000,00	86,20000
ACT	4979	8	Hlutabréf	Kauphöll Íslands Aðallisti	IS0000000420	46460	D Einkahlutafélag	ACT HL	305.333,33	26.319.733,00	86,20000
ADS	1	8	Hlutabréf	Þýskaland, allar kauphallir	DE000A1EWWW0			ADS	499.000,00	6.879.155.397,44	97,69600
ADS	2	8	Hlutabréf	Þýskaland, allar kauphallir	DE000A1EWWW0			ADS	50.000,00	689.294.128,00	97,69600
AMBA	1	8	Hlutabréf	USA allar kauphallir	KYG037AX1015	26110		AMBA	1.500.000,00	9.006.240.000,00	46,40000
ATORN	ATOR41	8	Hlutabréf	Óskráð hlutabréf innlend		64200	D1 Hlutafélag, almennt (hf)	ATOR_NÝTT	8.754.349,00	35.017.396,00	4,00000
ATORN	NAUÐ	8	Hlutabréf	Óskráð hlutabréf innlend		64200	D1 Hlutafélag, almennt (hf)	ATOR1	17.332.719,00	30.225.518,00	1,74384
BOEING	1	8	Hlutabréf	USA allar kauphallir		30300		BA	4.000,00	61.169.968,00	118,18000
BOEING	4859	8	Hlutabréf	USA allar kauphallir		30300		BA	1.100,00	16.821.741,20	118,18000

Útlestur skuldabréfa

Vinnsla þar sem hægt er að velja og lesa út nákvæmlega þær upplýsingar um skuldabréf sem notandi óskar eftir til að varpa yfir í Excel eða annað forrit fyrir frekari úrvinnslu. Útlestrarformið virkar alveg eins og í *Útlestri verðbréfa*.



Fara þarf í flipann Úttak til að velja þá dálka sem eiga að birtast í úrtakinu.

Niðurstöður birtast í formi skýrslu eins og í útlestri verðbréfa. Hægt er að færa niðurstöður yfir í Excel með því að ýta á viðeigandi hnapp á tólastikunni.

Hafsjór af upplýsingum/dálkum sem hægt er að ná út – F1/hjálpin listar upp hvað svæðin þýða.



Útlestur verðbréfahreyfinga

Hægt er að taka út í skrá nákvæmlega skýrslu um allar verðbréfahreyfingar á ákveðni tímabili og ákveðinna verðbréfategunda. Notandi velur eins og áður hvaða dálka hann vill að birtist og í hvaða röð með því að númera í viðeigandi svæði.



Útlestur veðupplýsinga

Hægt er að taka út í skrá nákvæmlega skýrslu um veðupplýsingar m.v. ákveðinn dag. Notandi getur sett inn ákveðnar afmörkun og svo velur notandi hvaða dálka hann vill að birtist og í hvaða röð með því að númera í viðeigandi svæði í flipanum *Úttak*.





Útlestur skbr.gr til RSK

Þessi aðgerð er notuð til að búa til skrá til að senda skattstjóra vegna fyrirfram greiddra vaxtabóta.

Valforsendumyndin:



Notandinn setur inn skrá sem kemur frá RSK með upplýsingum um þá greiðendur sem hafa sótt um fyrirframgreiddar vaxtabætur. Vinnslan býr svo til nýja skrá eða sendir beint með upplýsingum um greiðslur á völdu tímabili.

Þessi vinnsla er **eingöngu** ætluð þeim sjóðum sem eru að innheimta sjálfir skuldabréf í gegnum kröfupott bankanna!!!

Útlestur skuldabréfauppl. til RSK

Þessi valliður er einnig notaður eingöngu af þeim sjóðum sem eru að innheimta sjálfir skuldabréf í gegnum kröfupott bankanna – Bankakröfur í verðbréfakerfinu.
Aðgerðin les út í skrá upplýsingar um greiðslur á tilteknu skattaári um valin skuldabréf sem senda þarf ríkisskattstjóra vegna forprentunar á skattframtöl.



Upplýsingarnar sem birtast eru kennitala greiðanda, númer lánsins, útgáfudagssetning, tegund veðtryggingar ef hún er til staðar, grunnvísitala lánsins, vextir, lengd lánstíma, greiðslumánuðirnir, heildargreiðslur ársins, heildar nafnverðsafborgun ársins, vaxtagjöld ársins, hvað stendur í vanskilum, eftirstöðvar lánanna, upphaflegt nafnverð og veðstaður ef hann er til staðar.

Bankakröfur



Þessi valliður er ætlaður fyrir verðbréfainnheimtu.
Þannig að þeir sjóðir sem sjá um sína skuldabréfa-innheimtu sjálfir hafa aðgang að þessum valliðum.
Ef til stendur að nota bankakröfur til innheimtu ákveðinna skulda er byrjað á því að semja við viðskiptabankann um aðgang að kröfupotti bankans.
Kröfupottur er nafn á miðlægum gagnagrunni sem staðsettur er hjá Reiknistofu bankanna (RB) og heldur utan um allt ógreitt (kröfur, skuldabréf og víxla) fyrir alla kröfuhafa sem þess óska. Hjá bankanum eru svo fengin bankanúmer, höfuðbóknúmer, gjaldkeranúmer og auðkenni sem sett er inn þegar kröfuhópur er stofnaður.

Bankakröfur

Í þessum lið er hægt að sjá yfirlit yfir allar þær bankakröfur sem skráðar eru í Jóakim. Þegar verkliðurinn er valinn birtist fyrst valforsendumynd þar sem hægt er að sigta strax út ákveðnar bankakröfur. Einnig er hægt að staðfesta strax myndina án þess að sigta út en þá birtist flettilisti yfir allar kröfur.



*Til að fá nánari útskýringu á hverju innsláttarsvæði fyrir sig er bent á hjálpina í sem hægt er að fá upp ef ýtt er á **F1** eða* *.*

Dæmi um lista yfir bankakröfur:



Kröfunúmer	Kennitala	Nafn greiðanda	Tilvísun	Gjalddagi	Eindagi	Niðurf.dag	Skýring	Upphæð	Kostnaður	Staða
0101-66-000002	5303690139	Stálverk ehf	1155	05.03.2004	05.03.2004	17.03.2005	6011	18.340,00	450,00	n
0101-66-000012	4607820589	Landsteinar Strengur ehf	2345	05.03.2004	05.03.2004	17.03.2005	6017	11.803,50	450,00	n
0101-66-000016	1612724779	Sunna Rós Svansdóttir	45787	05.03.2004	05.03.2004	17.03.2005	6025	11.000,90	450,00	n
0101-66-000017	1612724779	Sunna Rós Svansdóttir	55555	04.03.2004	04.03.2004	17.03.2005	6027	7.818,90	450,00	n
0101-66-000020	4110850239	Reiknistofa lífeyrissjóða	12345	29.02.2004	01.03.2004	17.03.2005	6020	15.530,10	450,00	n
Samtals:								11.250.038,90	101.700,00	

Sumar eru með stöðuna *n* og aðrar *u*. Þær sem eru með stöðuna *n* eru kröfur sem hafa verið *niðurfelldar* en þær sem eru með stöðuna *u* eru *ógreiddar* bankakröfur. Ef krafa hefur stöðuna *f* þýðir það að bankakrafan sé greidd (*frágengin*).

Hægt er að skoða hverja bankakröfu fyrir sig með því að ýta á **Enter** á talnalyklaborðinu eða :



Til að fá aftur upphafsmyndina þarf að ýta á **F4** eða .

Bankakröfur ógreiddar/greiddar/niðurfelldar

Þegar þessi verkliður er valinn birtist aftur sama valforsendumynd nema það er búið að sigta út og setja viðeigandi bókstaf í svæðið *Staða.*



Bankakröfur ógreiddar er valið er *u* í dálknum staða.
Bankakröfur greiddar er valið er *f* í dálknum staða.
Bankakröfur niðurfelldar er valið er *n* í dálknum staða.

Heimilisföng vegna kröfuútsendingar

Í þessum vallið er haldið utan um kröfugreiðendur. Þ.e.a.s. kennitölu og nafn greiðanda og nafn viðtakanda. Hægt er að láta listann raðast eftir kennitölu, nafni eða viðtakanda – allt eftir því hvað er valið í röðuninni. Ýta þarf á hnappinn til að fá upp valmynd fyrir röðunarmöguleikana.



Þegar stofna þarf nýtt heimilisfang vegna kröfuútsendingar þarf að ýta á **Insert** eða . Þegar það er gert birtist innsláttarmyndin hér til hliðar:
Alltaf er hægt að breyta þessum upplýsingum með því að fara inn í línuna með hægri enter eða .



Til að eyða heimilisfangi úr listanum þarf að ýta á Delete eða .

Kröfuvinnsla

Í þessum lið er fenginn listi yfir þær kröfuvinnslur sem eru skráðar hjá sjóðnum. Flettiistinn sýnir hvaða hóp vinnslan tilheyrir, hver gjalddagi kröfunnar er, uppfærslutímann, stöðu vinnslunnar og lýsing vinnslunnar ef hún er til staðar.



Úr þessum flettilista er hægt að fara í aðrar aðgerðir með **F5** eða ýta á +.

Hægt er að velja um tvær aðgerðir:

Kröfur til banka (1)
Greiðsluseðlar (2).



Einnig er hægt að skoða hverja kröfuvinnslu fyrir sig með því að ýta á Enter á talna-lyklaborði eða .

Ef stofna þarf kröfuvinnslu er ýtt á eða Insert:



Fyrst þarf að skrá einkenni og heiti kröfuhóps. Notandinn ræður hvort hann skráir lýsingu á vinnsluna. Stilla þarf lokagjalddagann sem er gjalddagi sem reiknað er til fyrir nýjar kröfur. Ef svæðið er haft autt þá eru nýjar kröfur ekki stofnaðar. Niðurfellingardagssetningin er sá dagur sem krafan fellur niður. Hægt er að keyra kröfuvinnslu fyrir ákveðinn aðila eða ákveðið skuldabréf.

- Athugið að ef haft er <u>autt</u> í svæðið að *Ganga frá vinnslunni endanlega* þá er möguleiki á að endurkeyra kröfuvinnsluna seinna.
- Hægt er að setja kröfuvinnslu á runuvinnslu.
- Eftir að kröfuvinnsla hefur verið stofnuð er hægt að fara í að stofna kröfu.

Kröfur til banka

Hérna sendir notandinn bankakröfurnar til bankans. Þegar þessi liður er valinn opnast myndin hér til hliðar. Notandinn velur hvort að vinnslan fari á runuvinnslu eða ekki. Velur kröfuvinnsluna sem á að senda (*þá þarf að vera búið að stofna vinnsluna – sjá kaflann á undan*), færslugerðina (‘*K*’ = Nýskrá, ‘*B*’ = Breyta kröfu, ‘*E*’ = Eyða kröfu eða ‘*’ = Allt) og að lokum er skráarheitið valið.



Þegar notandinn fer inn í þann reit kemur tillaga að skráarheiti, tillagan vísar í skammstöfunina á kröfuhópnum sem krafan tilheyrir og dagssetningu dagsins sem þetta er skráð, t.d. SB20040316.

Kröfur – greiðsluseðlar

Þessi liður er notaður þegar prenta þarf út greiðsluseðla fyrir bankakröfurnar en það er gert *eftir* að krafan hefur verið stofnuð. Notandinn getur sett þessa vinnslu á runuvinnslu. Hér hefur notandinn ýmsa valmöguleika er varðar útlit greiðsluseðilsins og uppsetningu. Ef notandinn notar oft sömu uppsetninguna getur hann vistað uppsetninguna undir einhverju lýsandi heiti með því að fara í reitinn *Uppsetning*, skrifa heitið og ýttir á hnappinn *Vista uppsetningu*. Ef notandinn opnar gluggann og vill sækja einhverja ákveðna uppsetningu fer hann í sama reit en ýtir þá á **F7** til að fá lista yfir uppsetningar og velur með því að ýta á staðfestingartakka.
Ekki verður farið nánar út í hvernig fylla á þessa mynd út, bent er á að hafa samband við þjónustufulltrúa Jóakims til að fá aðstoð með útfyllingu.



Kröfutegund

Þegar notandi velur *Kröfutegund* birtist flettilisti yfir þær kröfutegundir sem þegar eru á skrá. Hægt er að skoða nánar eða breyta skráða tegund með því að velja hana með hægri enter eða tap-lykli.



Ekki er hægt að eyða kröfutegund sem hefur verið notuð en ef hún á ekki að vera aðgengileg til notkunar skal loka henni með því að fara inn í tegundina og merkja við *Lokað* og staðfesta.

Hér má sjá þegar ákveðin kröfutegund er skoðuð nánar:



Til að stofna nýja kröfutegund er ýtt á Insert eða 🗋. Gefa þarf kröfunni einkenni og heiti, tengja hana við kröfuhóp (sem verður þá að vera búið að stofna). Í niðurfellingu er sett sú tímalengt þar til krafa er felld niður. Síðan er tilkynningargjaldið stillt, tilkynningargjald 1 er tilkynningargjaldið á greiðsluseðlinum og tilkynningargjald 2 er fyrir pappírslausar kröfur. Vanskilagjald 1 er fyrra vanskilagjaldið sem reiknast eftir dagafjöldann sem er settur, vanskilagjald 2 er seinna vanskilagjaldið sem reiknast eftir dagafjöldann sem settur er þar við. Búið er að bæta við að hægt er að skrá afslátt afsláttarkóða (autt=enginn afsláttur) eða afsláttardaga.

Kröfuhópur

Þessi liður er notaður til að setja inn körfuhóp. En það er gert með því að velja **Insert** eða 🗋. Í þessari mynd er kröfuhópurinn skilgreindur. Gefa þarf hópnum einkenni, nafn og tengja hann við banka og höfuðbók. Gjaldkeranúmerið er númer sem bankinn gefur upp þegar samið er við bankann um móttöku krafna í kröfupott. Skrá þarf ráðstöfunarreikning og tímalengd þar til krafa er felld niður. Valið stendur á milli daga, mánaða eða ára. Upphafskröfunúmerið er númer sem bankinn gefur upp þegar samið er við bankann um móttöku krafna í kröfupott. Eftir að kröfuhópurinn hefur verið stofnaður er farið í kröfuvinnsluna.



Útlestur krafna til innheimtu

Les út í skrá kröfurnar sem búið er að stofna til innheimtu.



Skýrslur verðbréfakerfis



Við hönnun á Jóakim var stefnt að því að takmarka fjölda skýrslna með því að hafa þær mjög sveigjanlegar. Þegar beðið er um skýrslu fær notandinn upp skjámynd með valforsendum sem skýrslan er unnin eftir. Hægt er að takmarka val og raða á marga vegu. Auðvelt er að taka út ákveðna flokka verðbréfa eða raða og sundurliða eftir ýmsum leiðum.

- Valforsendur er hægt að geyma til að ekki þurfi að leggja á minnið flóknar valforsendumyndir.
